

DV



PÁSKAR OG TANNHIRÐA



FANGAR Á FLÓTTA

■ VONLAUSAR OG
HLÁLEGAR TILRAUNIR

Unnur Kristín

■ Fitnessdrottning
og einstæð móðir



„Ég er
rétt að
byrja“



Vilja Íslendinginn

HAND- TEKINN



Einar Egilsson

*Bíómynd
og þáttaröð
í burðar-
líðnum*

■ Bílslysið mjög jákvæð lífsreynsla



Margar gerðir af
FARANGURSBOXUM

Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur
þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is





Síðustu orðin

„Ég vissi það! Ég vissi það! Fæddist á hóteli og, fjandinn hafi það, dey á hóteli.“

– Leikskáldið Eugene O'Neill (1888–1953) sem skildi við á hóteli í Boston.

Á þessum degi, 18. apríl



1506 – Hornsteinninn að Péturskirkjunni í Róm er lagður.



1857 – Bók Allans Kardec, Le Livre des Esprits (e. The Spirits Book), er gefin út og markar upphaf spíritisma í Frakklandi.



1906 – Jarðskjálfti og eldar leggja stóran hluta San Francisco, í Kaliforníu í Bandaríkjunum, í rúst.



1909 – Jóhanna af Ör, Mærin frá Orleans, er tekin í dýrlingatölu í Róm.



Logi dansaði með Paris Hilton fram undir morgun

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is

Logi Þorvaldsson er búsettur í London þar sem hann starfar við kvikmyndaframleiðslu. Um þessar mundir er hann staddur í Los Angeles í Bandaríkjunum þar sem hann var að klára verkefni með Universal og vinnur nú í því að flytja til Bandaríkjanna. Á dögunum var Logi staddur í boði á vegum Pizzaslime á Coachella-hátíðinni en í þetta boð máttu einungis þeir mæta sem boðið var. Það vildi svo til að í sama boði var hótelerfinginn Paris Hilton.

„Ég hef núna þrisvar sinnum endað í partíum þar sem hún hefur verið, en ég hef alltaf misst af henni eða ekki náð að kynna mig. Ég hef lengi talað um að við munum verða bestu vinir einn daginn og hef sent það út í kosmósið að við munum hittast. Í eftirpartíinu

var Taco Bennett að DJ-a en síðast þegar Taco var að spila á viðburði sem ég var á, þá hitti ég framtíðar-eiginkonu mína, hana Kendall Jenner. Ég var því allt kvöldið að furða mig á því hvort hún færi ekki að koma,“ segir Logi í samtali við blaðamann.

„Hún lét ekki sjá sig í þetta sinn en það gleymdist fljótt þegar Hilton mætti og við kynntumst í svona boltasundlaug. Hún var rosalega leið vegna þess að hún hafði ekki fengið gefins púða í partíinu svo ég gaf henni minn og við lékum okkur í boltalandinu. Ég hafði litað hárið bleikt yfir helgina og hrósaði hún því og sagði: „That’s hot.“ Við ákváðum svo að taka mynd af okkur saman, vorum svo í hópi af fólki og héldum áfram að dansa í partíinu þar til hún fór heim í kringum klukkan sex um morguninn.“ ■



LOF & LAST

– KR og Sólrún Diego



Á mánudaginn tryggðu KR-ingar sér sæti í úrslitum Domino's-deildar karla sjötta árið í röð eftir 93-108 stiga sigur á móti Þór í Þorlákshöfn. KR-ingar mættu mjög einbeittir og náðu forystu strax í leiknum. Með sigrinum unnu þeir þriðja leikinn gegn Þór og tryggði hann þeim sæti í úrslitum gegn annaðhvort Stjörnunni eða ÍR. Þau lið takast á í dag, fimmtudag, og skýrist því að leik loknum hverjir mótherjar KR verða í úrslitunum. Þessa vikuna fá því KR-ingar lofið fyrir framúrskarandi árangur og metnað.

Þessa vikuna fær áhrifavaldurinn Sólrún Diego lastið fyrir að hafa auglýst vörur sem unnusti hennar seldi án leyfis framleiðanda. Ekki tók Sólrún það fram í auglýsingunni að um fyrirtæki unnustans væri að ræða og var umfjöllun hennar sett fram líkt og seljandinn væri óþekktur. Engar upplýsingar voru á síðunni um eignarhaldið. Eftir að frétt DV um málið birtist var síðunni snarlega kippt úr loftinu enda ekki allt með felldu þar inni. Sjálf sýndi Sólrún hroka á samfélagsmiðlum og hefur hún ekki enn bedið fylgjendur sína afsökunar.

Magnús Ver verður afi

Kraftakappinn Magnús Ver Magnússon er að verða afi. Í vikunni var það tilkynnt að dóttir hans og tengdasonur ættu von á barni. Verður það fyrsta barnabarn Magnúsar. Magnús er einn sigursælasti kraftamaður sögunnar og hefur unnið ótal titla, bæði í aflraunum og lyftingum. Meðal annars vann hann

titilinn Sterkasti maður heims fjórum sinnum á tíunda áratugnum. Magnús var í ítarlegu helgarviðtali fyrir skemmstu og ræddi þar um stærstu augnablikin á ferlinum, samferðamennina, heilsuna og fleira. DV óskar fjölskyldunni hjartanlega til hamingju.



5 opinberar framkvæmdir sem stóðust fjárhagsáætlun

Mikið hefur verið rætt um einstaka verkefni hins opinbera sem fóru fram úr fjárhagsáætlun. Braggamálið, Hlemmur mathöll, veislusalurinn í Garðabæ, Landeyjarhöfn og Vaðlaheiðargöng eru nýleg dæmi. Þetta er ekki nýtt af nálinni og má nefna til dæmis Perlan og Ráðhús Reykjavíkur fóru hressilega fram úr áætlun. Hér eru hins vegar 5 verkefni á vegum hins opinbera sem stóðust fjárhagsáætlun með sóma.





ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

SÝNINGARNAR ERU Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

RONJA
RÆNINGJADOTTIR

ÞETT EIGID LEIKSNI
GODSAGA

EINRÆDISHERRANN

WILLIAM SHAKESPEARE
JÓNSMESSUNÆTUR
DRAUMUR

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á
LEIKHUSID.IS

HEN



ALL



SIGRAÐU FJALLIÐ

HENGILL

ULTRA TRAIL

2019 ICELAND

6.-7. SEPTEMBER 2019

SEX VEGALENGDIR VIÐ ALLRA HÆFI
IR HLAUPA, ALLIR VINNA OG ALLIR VELKOMNIR



**LÉTTUR
TRAIL**
5 KM

**HÁLFUR
TRAIL**
10 KM

TRAIL
25 KM

**HENGILL
LIÐAKEPPNI**
4X25

**ULTRA
TRAIL**
50 KM
2 ltra punktar

**ULTRA
TRAIL PLÚS**
100 KM
4 ltra punktar

hengillultra



GARMIN

COMPRESSPORT®
VEINO-MUSCULAR COMPRESSION TECHNOLOGY

CINTAMANI



Hver er hann?

- Lék Jesús Krist
- Rekur veitingastaðinn Veganaes
- Er úr mikilli tónlistar-fjölskyldu
- Söng með hljómsveitinni Mínus
- Greindi nýlega frá ofbeldi í Landakotsskóla

ODDUR HRAFN STEFÁN BJÖRGVINSSON (KRUMM)

Það er staðreynd að...



Keila var fundin upp í Egyptalandi til forna, fyrir um 5.000 árum.



Skjaldbökur geta andað með afturendanum.



Stalín var með samvaxnar tær.



Á Íslandi er bannað að reisa grafhýsi í kirkjugörðum.



Fyrstu reiðhjólin sáust á Íslandi árið 1890.

YFIRHEYRSLAN

Ragnar Jónasson hefur verið viðriðinn glæpi frá unglingsaldri sem þýðandi spennusagna Agöthu Christie, og sem einn vinsælasti rithöfundur landsins, en bækur hans rata ítrekað á vinsældalista erlendis. Ragnar starfar sem lögfræðingur á fjárfestingar-bankasviði Arion banka og er stundakennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík. DV tók Ragnar í yfirheyrslu.

Hjúskaparstaða og börn?

Kvæntur og á tvær stúlkur, Kiru (9) og Natalíu (4).

Fyrsta atvinnan?

Fréttamaður á Aðalstöðinni, þá fimmtán ára gamall, hjá Ólafi heitnum Þórðarsyni.

Skemmtilegast að gera?

Ég nýt þess mjög að lesa bækur og hlusta á góða tónlist, en skemmtilegast er að vera með fjölskyldunni.

En leiðinlegast?

Að gera bókhaldið.

Byrðu yfir einhverjum leyndum hæfileikum?

Efast um það. Vildi samt að ég gæti talað frönsku og spilað betur á pianó.

Besta ráð sem þú hefur fengið?

Að vera ég sjálfur, ráð frá mömmu.

Hvaða bók hefðir þú viljað skrifa?

The Murder of Roger Ackroyd eftir Agöthu Christie.

Leiðinlegasta bók sem þú hefur lesið?

Ég klára aldrei leiðinlegar bækur, ef mér list ekki á þær, þá legg ég þær bara frá mér. Lífið er of stutt.

Fyrsti stjórnmalaflokkurinn sem þú kaust?

Sjálfstæðisflokkurinn.

Hver myndi skrifa ævisögu þína?

Þorvaldur Davíð, vinur minn, ég myndi treysta honum til þess.

Hefur þú fallið á prófi?

Man ekki til þess.

Hvað er það sem heillar mest við lögmennskuna?

Lögmennskan er fjölbreytt og getur opnað á ýmiss konar tækifæri.

Hvaða ráð ertu með fyrir rithöfunda sem eru að stíga sin fyrstu skref?

Byrja að skrifa og skrifa helst eitthvað á hverjum degi.

Ertu trúður eða trúir þú á æðri mátt?

Ég trúi að minnsta kosti á mátt orðsins.

Mannkostir þínir?

Ég sit aldrei auðum höndum.

En lestir?

Lestir eru bestir í bókum, án þeirra væru engar glæpasögur.

Best að vera lögfræðingur, rithöfundur eða kennari?

Rithöfundur, því ég er einmitt að klára nýja bók fyrir jólin þessa dagana.

Eitthvað að lokum?

Þössum upp á íslenskuna, hún er svo dýrmætt tungumál.



Íslenskur smáborgaraháttur

Svarthöfði

Skrautlegt var að fylgjast með handtöku Julians Assange úr fjarlægð. Ná-unginn búinn að safna skeggi í óbærilega leiðinlegri margra ára vist í sendiráði Ekvador í London. Svo leiðinlegri að hann á vist að hafa kúkað upp um alla vegg til að hafa ofan af sér. Við Íslendingar tökum þetta mál inn á okkur. Assange er okkar maður, vinur Birgittu Jóns og Kristins Hrafnssonar, Íslandsvinur. Við horfum bara fram hjá því að hann var ákærður fyrir nauðgun í Svíþjóð.

Svarthöfði fellir enga dóma um hvað sé satt og rétt í máli Assange. Svarthöfða finnst aftur á móti athyglisvert hvernig Íslendingar bregðast við þegar útlendingar sýna landinu minnsta áhuga.

Eva Joly bauð fram aðstoð sína við að taka til eftir hrunið og var hún ekki fyrr búin að sleppa orðinu en Íslendingar réðu hana á svimandi háum launum og titluðu þjóðardýrning. Þjóðinni til afsökunar þá var hún á sínum lægsta punkti og hefði þegið jákvæða

athygli frá hvaða útlendingi sem var.

Sumir útlendingar þurfa ekki annað en að stíga hér niður fæti til þess að verða titlaðir Íslandsvinir og hljóta aðdáun okkar. Nefnir Svarthöfði Georges Pompidou, landa Evu Joly, í því samhengi. Pompidou var einn ómerkilegasti forseti Frakklands eftir stríð, en hann hitti Nixon á Kjarvalsstöðum og þar með var hann kominn í góðu bókina.

Ríkir karlar sem veiða hér lax þykir okkur vera einstaklega flottir. Við montum okkur meira af þeim en þeir gera af löxunum sem þeir veiða. Karl Bretaprins, golfarinn Jack Nicklaus og Cream-stjarnan Eric Clapton eru meðal þeirra helstu. Flestum Íslendingum væri nokk sama um danska stjórnmalamanninn Uffe Ellemann Jensen. En af því að hann er meðal duglegustu erlendu laxveiðimannanna þá elskum við hann og däum. Sögusagnir voru uppi um að Horst Tappert, sem lék þýsku lögguna Derrick, renndi fyrir lax í Aðaldal en því miður fékkst það aldrei staðfest. Það hefði verið upplýfting fyrir



þjóðarsálina.

Kórónan á íslenska smáborgarahættinum er og verður sennilega alltaf Bobby Fischer. Snarruglaður gyðingahatari sem fyrir slysi fæddist með hæfileika í skák og kom hingað til að tefla í einvígi um heimsmeistaratitilinn. Eftir á að hyggja var sennilega ekki gott fyrir andlega heilsu Íslendinga að fá þennan viðburð hingað, því að við fórum yfir um. Löngu seinna, þegar Bobby var búinn að mála sig út í horn í hin-

um siðaða heimi, var honum boðið hingað með pomp og prakt og íslenskt vegabréf gefið út með frygðarstunu landsmanna. Ekki nóg með það því einnig samþykkti þingheimur, nánast einróma, að opna sérstakt safn til heiðurs honum.

Við Íslendingar verðum að fara að átta okkur á að útlendingar eru fólk af holdi og blóði eins og við hér heima og við megum ekki missa alla rökhugsun þegar einhver lítur í áttina til okkar. ■

Íslensk hönnun – íslensk framleiðsla

Húseining er með stóra húsaferksmiðju í Vogum. Við getum framleitt tilbúin hús í verksmiðjunni allt að 120 m². Húsin eru með öllum tækjum og innréttingum.

Húsin afgreiðast beint á sérútbúin flutningavagn og eru síðan sett á forsteypta sökka sem sem fylgja með húsunum, sem áður hefur verið komið fyrir á byggingarstað. Framleiðsla og samsetning fer fram innandyra og má því segja að húsin séu byggð við bestu mögulegar aðstæður, engin hættu er á að raki lokist af á meðan á framleiðslu og samsetningu stendur sem gæti valdið myglu í húsunum.

Húseining framleiðir einnig sumarhús og einbýlishús í einingum, allar stærðir sem kaupendur geta fengið afgreitt við verksmiðjudyr. Einingarnar eru full klæddar að utan, allar hurðir og gluggar full glerjað komið í og vatnsbretti full frágengin.

Við framleiðum:

Smáhýsi frá 14,99 - 39,9 m²

Sumarhús frá 67 - 111 m²

Einbýlishús frá 161 - 400 m²

Smart Einbýli 73 m²

Parhús frá 200 - 333 m²

Raðhús frá 55 - 120 m²

Forsteypta sökkla

Verð og gæði í fyrirrúmi, íslensk framleiðsla.



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is sofia@huseining.is

STROKUFANG

Fangi gerði misheppnaða flóttatilraun úr fangelsinu á Akureyri í vikunni. Tók hann á rás þegar fangaálman var opnuð en var hlaupinn uppi af fótfráum fangaverði. Þetta var hálsorgleg en jafnframt svolítið spaugileg uppákoma. Fang aflóttar eru algengir á Íslandi, mjög algengir. Jafn algengt er að fangarnir náist aftur, stundum samdægurs en stundum eftir nokkra daga. Fang aflóttar gera lítið annað en að minnka frelsi innan fangelsanna, bæði fyrir þann sem strauk og aðra, því að eftirlitið er hert. Úti í hinum stóra heimi getur flótti úr fangelsi hugsanlega gengið upp. En hérna á litla Íslandi virðist það ansi tilgangs-laust, nema viðkomandi geti komist úr landi og látið sig hverfa alfarið. Slíkt hefði geta orðið raunin í máli Sindra Þórs Stefánssonar fyrir ári. Hér eru þekktu-stu strokufangar Íslands og nokkur önnur spaugileg mál.


Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



HOSMANY RAMOS – ÚTBJÓ ODDHVASST VOPN

Hosmany Ramos, brasilískur lýtalæknir á sjötugsaldri, gerði alvarlega tilraun til að flýja þegar verið var að færa hann fyrir dómara í janúar árið 2010. Ramos hafði verið handtekinn á Keflavíkurflugvelli með falsað vegabréf. Útbjó hann oddhvasst vopn og hótaði lögreglumanni með því.

Ramos var í járnum í fangaflutningabifreið en með grisju á öðrum úlnliðnum. Gerði þetta að verkum að Ramos gat losað sig. Þegar bíllinn var stöðvaður við Héraðsdóm Reykjavíkur tók hann á rás og lögreglumaðurinn elti. Þá dró Ramos fram kutann en var yfirbugaður. Flóttinn stóð yfir í eina mínútu.



Hosmany Ramos
Brasilískur lýtalæknir.

MAGNÚS GÍSLASON – SKAR AF SÉR FINGUR

Einn þekktasti smáglæpamaður kreppuáranna hét Magnús Gíslason og var ekki fullkomlega heill á geði. Magnús braust margsinis inn í hús og út úr fangelsum og geðsjúkrahúsum. Strax á unglingsaldri var hann orðinn góðkunningi lögreglunnar og haustið 1934, þegar Magnús var nítján ára gamall, rataði hann í blöðin. Og ekki aðeins íslensku blöðin heldur þau dönsku.

Í Berlinske tidende var greint frá því að tveir íslenskir unglingspiltar hefðu verið handteknir í Kaupmannahöfn. Magnús Gíslason, nítján ára, og Gunnar Jólsson, sextán ára. Höfðu þeir strokið úr fangelsi á Íslandi og laumað sér um borð í skipið Island. Skipstjórinn fann þá í lestinni en þeir voru peningalausir og aðeins með smá brauðbita. Afhenti skipstjórinn þá lögreglunni í Kaupmannahöfn og var Magnúsi komið fyrir í fangelsi en Gunnari á hæli fyrir heimilislausu. Voru þeir báðir sendir aftur til Íslands skömmu síðar og fékk Magnús viðurnefnið „strokufanginn“.

Skömmu eftir að Magnús kom til Íslands slapp hann aftur úr varðhaldi, þá frá lögreglunni í Keflavík. Í desember árið 1934 greindi Nýja dagblaðið frá því að Magnús hefði flúið til foreldra sinna að Kirkjubóli á Miðnesi en ekki farið almannaleið. Þegar þangað var komið ákvað hann að fara niður í fjöru til að skjóta fugla. En þá datt hann og fékk skot úr haglabyssunni í gegnum framhandlegginn. Á spítalanum var hann handtekinn aftur en fékk aðhlynningu sára sinna.

Næsta strok Magnúsar var af Kleppi í janúarbyrjun árið 1935. Fór hann á salernið um miðja nótt og braust út í gegnum rammgerðan glugga. Vökumaður Magnúsar kallaði til lögreglu og rakti sporin niður í fjöru þar sem þau hurfu. Var Magnús aðeins í nærfötum og inniskóm og óttuðust menn um hann. Næsta dag fannst Magnús hins vegar í herbergi á Laugavegi 22 þar sem hann var að hitta tvær stúlkur.

Í júní 1935 flúði Magnús af Litla-Hrauni ásamt Vernharði Eggertssyni, harðsvíruðum glæpamanni sem lengi hafði búið í Kanada. Söguðu þeir rimlana í klefa sínum með verkfærum úr vinnustofunni og voru þeir vopnaðir kylfu á flóttanum. Alþýðublaðið greindi frá því að þann 18. júní hefðu þeir verið gripnir við Litla-Botn í Hvalfirði aðeins tveimur dögum síðar. Voru þeir þá mjög þreyttir og hungraðir eftir langa göngu og báðu heimilisfólk um mat. Það þekkti hina frægu strokufanga og tilkynnti lögreglunni. Gáfust þeir upp mótsþyrnulaust. Vernharður viðurkenndi að flóttinn hefði verið óskipulagður og „tóm vitleysa.“ Engu að síður varð fólk mjög hneykslað á því hversu auðvelt það var fyrir mennina að sleppa af Litla-Hrauni.

Fór nú lítið fyrir flóttatilraunum Magnúsar þar til í febrúar árið 1938. Í Morgunblaðinu 2. febrúar var sagt að Magnús hefði skorið af sér fingur til að komast úr fangelsi. Hann var þá í gæsluvarðhaldi fyrir innbrot sem hann framdi með öðrum góðkunningja lögreglunnar, Mons Olsen. Í matartíma herti Magnús um litla fingur með bandspotta til deyfingar og skar tvær kjúkur af með bitlausum borðhníf, „eins og geðbilaður maður.“ Komst hann þar með á sjúkrahúsið en ekki úr varðhaldi. Fékk hann þriggja ára dóm tveimur mánuðum síðar.



Magnús Gíslason
Var talinn geðbilaður.

BORÐPLÖTUR OG SÓLBEKKIR

Sérsmíðum eftir óskum hvers og eins





Fanntófell

Gylfaflöt 6-8 / S. 587 6688 / fanntofell.is

VAR Á ÍSLANDI



Jóhann Víglundsson Strauk ótal sinnum úr fangelsum.

JÓHANN VÍGLUNDSSON – LÆSTI BÓNDA INNI

Jóhann Víglundsson var einn þekktasti smáglæpamaður og strokufangi Íslands um miðja 20. öldina og slapp margoft út. Í eitt skipti var honum sleppt úr fangelsi vegna þess að hann þótti ekki húsum hæfur en átti hann þá marga dóma eftir óafplánaða.

Sautján ára strauk Jóhann úr Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg í ágúst árið 1957. Fór hann yfir steinvegginn sem umlykur fangelsið. Var þetta hans þriðja strok. Degi seinna var hann handtekinn, peningalaus á Akureyri og flogið með hann aftur í bæinn.

Í júlí árið 1958 strauk hann af Litla-Hrauni og þvingaði þá tvo aðra með sér. Var Jóhann almennt illa liðinn í fangelsinu og talinn fauti.

Í desember árið 1958 strauk Jóhann ásamt Marteini Olsen af Litla-Hrauni. Gengu þeir milli bæja og stálu sér bæði mat og klæðnaði. Á bænum Jórvík helltu þeir sér upp á kaffi og í Votmúla læstu þeir bóndann sjálfan inni. Einnig stálu þeir bílum ungmenna á „þessu strokbrólti sínu“

eins og stóð í Tímanum.

Í október árið 1961 strauk Jóhann enn einu sinni úr Hegningarhúsinu. Hafði sagarblaði þá verið smyglað inn í klefann til hans. Hann var gripinn aðeins tveimur tímum síðar og lögreglumenirnir spurðu hvort hann vildi far til baka eða ganga „heim til sín.“ Valdi hann bílfarið.

Sama sagan endurtók sig á Litla-Hrauni í ágúst 1962. Komst Jóhann þá til Stokkseyrar og stal bíl. Lögreglan leitaði að bílnum sem fannst úrbræddur við Geirakot við Eyrarbakkaveg. Jóhann fannst hálftíma síðar á gangi og fór fúslega aftur í fangelsið. Stóð þessi flótti yfir í sjö klukkutíma.

Jóhann hafði sjálfur miklar skoðanir á hvað væri að í fangelsismálum og hversu auðvelt væri að strjúka. Benti hann til dæmis á sjúkrafríin í þessu samhengi, og að hann hafi einu sinni strok- ið með hálfróinn botnlanga. Einnig rollureksturinn í Þjórsárdal sem fangar sáu um og gátu auðveldlega flúið. Þá benti hann einnig á að Hegningarhúsið væri ekki mannhelt.



Annþór Karlsson í kaðli út um gluggann.

ANNÞÓR KARLSSON – FALDI SIG Í FATASKÁP

Annþór Kristján Karlsson slapp úr varðhaldi úr fangageymslum lög- reglunnar við Hverfis- götu þann 15. febrúar árið 2008. Annþór var sagður einn hættu- legasti handrúkkari landsins og var handtekinn í janúar 2008 vegna fíkniefnasmygls. Var hann að biða þess að vera leiddur fyr- ir dómara vegna framlengingar á gæsluvarðhaldi.

ganginum. Klukkan fimm um morgun braut hann sér leið inn í læsta geymslu og komst þar yfir kaðal. Þá braut hann glugga og seig í kaðlinum út á Snorrabraut. Þegar hófst mikil leit að Ann- þóri og par, grunað um að hafa aðstoðað hann við flóttann, var handtekið. Húsleit var gerð víða þar sem talið var að hann gæti haldið sig.

Síðdegis taldi lögreglan sig hafa áreiðanlegar heimildir um

að Annþór væri í íbúð félaga síns í Mosfellsbæ. Sérsveitarmenn voru sendir á staðinn og fundu hann þar í fataskáp. Ekki kom til átaka við handtökuna.

Eftir þessa upptöku sagði Páll Winkel fangelsismálastjóri, í samtali við Morgunblaðið, að taka þyrfti fyrirkomulag gæslu- varðhaldsfanga til endurskoðun- ar.

Framhald á síðu 12

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

GÓÐ ÞJÓNU



ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnahlífar, öryggisglæraugu,
rykgrímur og andlitshlífar



OLÍUVÖRUR

Smurolía, glussi, koparfeiti,
gírolía og sjálfskiptivökvi

NÝKOMIÐ MIKIÐ ÚRVAL AF BÍLAHREINSIVÖRUM FRÁ USA

Doctor Wax með heildstæða línu í bóni og hreinsiefnum og frá Stoner eru komið úrval af glerh-
reinsivörum fyrir bíla og almenn þrif.



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

STA Í 25 ÁR



kemi
Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

MATTHÍAS MÁNI ERLINGSSON – VOPNAÐUR RIFFLI OG EXI

Einn lengsti fangaflótti á síðari tímum var flótti Matthíasar Mána Erlingssonar frá Litla-Hrauni um jólin 2012. Í september hlaut hinn 24 ára gamli Matthías fimm ára dóm fyrir tilraun til manndráps á fyrri verandi stjúp móður sinni.

Matthías undirbjó flóttann vel og svalt sig í viku á Hrauninu til að sjá hversu lengi hann gæti verið án matar. Þann 17. desember lét hann til skarar skríða og komst yfir tvær öryggisgirðingar á lóðinni. Hann gekk til austurs að Neistastöðum í Flóa þar sem hann komst inn í sumarbústað. Þar fann hann fjórhjól í skemmu og ók að Laugarvatni, að Geysi í Haukadal og í átt að Flúðum.

Þegar fjórhjólið varð bensínlaustr gekk hann inn í Reykjadal og braust inn í annan sumarbústað. Þar dvaldi hann í þrjá sólarhringa. Eftir veruna þar gekk hann að öðrum bústað, í landi Stóra Hofs, braust þar inn og dvaldi í aðra þrjá sólarhringa. Þar fann hann riffil og hugðist veiða sér til matar.

Mikil leit stóð yfir og fjölmiðla-fár sömuleiðis því Matthías var talinn hættulegur. Matthías fylgdist með öllu í sjónvarpi en hafði dregið fyrir gluggana og talaði ekki við nokkurn mann. Stal hann ýmsu úr sumarbústöðunum, svo sem fatnaði, verkfærum og kík.

Á aðfangadag gaf hann sig loks fram við ábúendur á bænum Ásólfstöðum. Var hann vopnaður rifflinum og exi en rólegur og óskaði eftir að haft yrði samband við lögregluna. Var hann handtekinn á staðnum og urðu aðstandendur hans fegnir að flóttanum var lokið. Sagðist Matthías hafa gefið sig fram vegna mömmu sinnar.



Matthías Máni Hafðist við í sumarbústöðum.

SINDRI ÞÓR STEFÁNSSON – MEÐ FORSÆTISRÁÐHERRA Í FLUGVÉL

Sindri Þór Stefánsson sat í gæsluvarðhaldi á Sogni í apríl 2018, grunaður um aðild að þjófnaði á 600 tölvum og rafmynt. Sogn er ekki öryggisfangelsi og átti Sindri auðvelt með að flýja aðfaranótt þriðjudagsins 17. apríl. Um morguninn komst hann út á Keflavíkurflugvöll og náði flugi til Stokkhólms. Í sömu vél var Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Vakti þetta mikla athygli og var talið niðurlægjandi fyrir íslenskt fangelsismálakerfi. Lýst var eftir Sindra hjá Europol og miklar sögusagnir spunnust um flóttann. Var því meðal annars haldið fram að hann væri í Rússlandi eða á Spáni.

Þann 20. apríl varð óvænt vending í málinu þegar Sindri sendi frá sér yfirlýsingu í Fréttablaðinu. Sagðist hann ekki hafa flúið heldur hefði gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verið runninn út og hann því frjálfs ferða sinna.

„Ég var neyddur til að undirrita pappír sem stóð á að ég væri



Sindri Þór Stefánsson Handtekinn í Amsterdam.

frjáls ferða minna en ef ég færi mundi ég gista í fangaklefa þar til framlenging á gæsluvarðhaldi væri samþykkt,” stóð í yfirlýsingunni. Jafnframt sagði hann það hafa verið ranga ákvörðun að fara úr landi en hann myndi snúa fljótlega aftur.

Sindri sneri hins vegar ekki heim sjálfviljugur. Þann 22. apríl var hann handsamaður í miðborg Amsterdam og síðar framseldur til Íslands.

DONALD FEENEY – LEIGÐI FLUGVÉL

Bandaríkjamaðurinn Donald Feeney strauk af Litla-Hrauni í ágúst mánuði árið 1993 ásamt íslenskum manni, Jóni Gesti Ólafssyni. Hafði Feeney villt á sér heimildir og reynt að fara með tvær stúlkur úr landi í tengslum við forræðisdeilu og hlaut tveggja ára fangelsisdóm.

Nokkrum klukkustundum síðar voru þeir handteknir í Vestmannaeyjum. Höfðu þeir flogið þangað með hópi ferðamanna og leigt flugvél til að reyna að komast til Færeyja. Eftir afpláun var Feeney sendur úr landi.



Donald Feeney Rændi börnum og leigði flugvél.

NOKKRIR SPAUGILEGIR FLÓTTAR

Iseptember árið 1971 slapp fangi úr Hegningarhúsinu og tók á rás út Skólavörðustíginn. Þar hljóp hann hins vegar beint í flasið á lögreglumanni, sem var staddur þar fyrir tilviljun, og náðist.

Strokufangi af Litla-Hrauni bankaði upp á á bænum Stekk í Sandvíkurhreppi í júlí 1981 og bað um eldspýtur. Guðmundi Lárussyni fannst þetta grunsamlegt og tilkynnti manninn sem var handtekinn á leið til Selfoss. Á þessum tíma var ekki girðing í kringum allt fangelsið.

Fangaverðir á Litla-Hrauni höfðu litlar áhyggjur af manni sem slapp í október árið 1981. „Ég held að þetta séu bara einhverjir stælar,” sagði Frímenn Sigurðs-

son yfirfangavörður við Dagblaðið. Gerðist þetta skömmu eftir annan fangaflótta af Hrauninu. „Þeir herma hver eftir öðrum og halda að þeir séu meiri menn.“

Í júní árið 1989 slapp fangi úr gæslu lögreglunnar í Reykjavík þegar hann var fluttur til læknis. Lögreglu grunaði hvar kauða væri að finna og reyndist það rétt, í Ríkinu.

Fangi flúði úr fangelsinu á Akureyri í júlí 2017 þar sem hann var við garðyrkjustörf. Þegar fangavörður brá sér frá flúði hann yfir girðingu en fannst skömmu síðar í Borgarbíói. Ekki er vitað hvort hann ætlaði að sjá nýjustu myndina um Spider-Man eða Aulinn ég 3. ■



Straumhvörf í neysluvatnsdælum



GRUNDFOS

Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýsting og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra Innbyggð þurrkeyrsluvörn Afkastar 8 aftöppunar stöðvum



Dragháls 14-16 | Sími 412 1200 110 Reykjavík | www.isleifur.is

REYKJAVIK
RAINCOATS



HÖFUM
OPNAÐ
NÝJA
VERSLUN
LAUGAVEGI
62

REYKJAVIK RAINCOATS

LAUGAVEGUR 62, 101 RVK

WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM

SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

AÐRIR ÚTSÖLUSTAÐIR

EPAL - LAUGAVEGI 70

EPAL - HARPA

AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖÐ

MYND: HANNA/DV

Einar snýr aftur frá Hollywood til að búa til bíó

Ólst upp á RÚV – Bílslysið jákvæð lífsreynsla

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Einar Egilsson stefnir á innkomu í íslenska kvikmynda- og þáttagerð. Hann skrifaði, ásamt Elíasi K. Hansen, nýverið undir stóran samning við Pegasus um gerð sjónvarpsþátta en einnig sitja þeir við skriftir að

bíómynd. Einar, sem áður starfaði í hljómsveitinni Steed Lord, ræddi við DV um þessi verkefni, æskuna, tónlistina og bílslysið sem breytti lífsviðhorfinu.

Ólst upp á RÚV settinu

Einar er Vesturbæingur að uppruna, alinn upp við Ægissíðuna. Segja má að Ægissíða 64 hafi verið

hjarta stórfjölskyldunnar. Þar bjó Einar með bróður sínum, forældrum, ömmu og afa til sex ára aldurs. Einar segir:

„Amma mín dó þegar ég var orðinn ungur maður og afi flutti úr húsinu. Þá flosnaði upp úr þessu og ég áttaði mig á hversu stór hluti þetta var af okkur. Allt í einu var þessi kafla búinn og þessi

klettur sem við gátum alltaf leit að til á Ægissíðunni ekki lengur til staðar. Ég sakna þessa staðar mikið.

Ég hef alltaf haft mjög sterk tengsl við sjóinn. Það voru örfá skref niður í fjöru. Þar lékum við okkur og horfðum á trillukarlana koma að og hengja fiskinn upp til þurrkunar. Flest sumur ferðuðumst við til Bandaríkjanna og á Flórída vorum við mikið á ströndinni. Ég tók mín fyrstu skref þar.“

Faðir Einars er Egill Eðvarðsson, leikstjóri og dagskrárgerðarmaður til áratuga og hefur starfað við tónlist og myndlist svo eitt hvað sé nefnt. Lengst af hefur Egill starfað hjá Ríkissjónvarpinu og má segja að Einar hafi alist upp þar innandyr.

„Ég var mikið „á setti“ eins og sagt er, hvort sem það var við upptökur hjá Hemma Gunn, gerð sjónvarpsmynda eða hvað það nú var. Ómeðvitað tók ég þetta allt saman inn. Mér var ekki kennt með beinum hætti, en ég sat og fylgdist með öllu sem fram fór. Seinna meir, þegar ég var farinn að leikstýra tónlistarmyndbönum og fleira, áttaði ég mig á því að ég bjó að þessari reynslu. Til dæmis við klippingar.“

Var menningunni haldið að þér?

„Já, ég ólst upp á menningarheimili. Margir af helstu listamönnum þjóðarinnar komu sem gestir. Þetta smitar auðvitað út frá sér, en við vorum samt ósköp venjuleg fjölskylda.“

Móðir Einars, Guðrún Valgerður Bjarnadóttir, starfaði sem flugfreyja og fjölskyldan ferðaðist mikið. Einar segist einnig búa að þeirri reynslu, sérstaklega í ferðunum til Bandaríkjanna.

Hugsaði ekki um að „meika það“

Einar hefur alla tíð haft mikinn áhuga á tónlist. Í fermingargjöf fékk hann hljómborð og fór strax að feta sig áfram í hipphoppi og raftónlist. Hann gekk í Kvinnaskólann og var þar plötusnúður á skólaböllum og seinna, eftir skólagönguna, stofnaði hann hljómsveitina Steed Lord, með bræðrum sínum, Ella og Eðvarði, og unnustu sinni, Svölu Björgvinsdóttur, árið 2006.

Þið spiluðuð mikið erlendis?

„Já, aðallega. Þetta var á MySpace-tímabilinu. Þetta var svolítið sérstakur tími. Við vorum með hljómsveit og heimasíðu þar sem við vorum bókuð til að spila víðs vegar úti í heimi. Við vorum hluti af ákveðinni hreyfingu. Danstónlistin var þarna að koma til baka úr dvala.“

Meðlimir Steed Lord ferðuðust út um allan heim og spiluðu á klúbbum og tónlistarhátíðum. Einar segir að eftirminnilegast hafi verið að spila í Mexíkó og við Svartahafið. Að heyra fólk syngja með lögunum hafi alltaf verið ómetanleg, sama hvort það voru fimm manns eða fimm þúsund.

Var takmarkið að „meika það“?

„Nei, aldrei. Auðvitað var gaman að sjá að fólk vildi hlusta á það sem við vorum að skapa. En ég hef aldrei haft áhuga frægðinni sem slíkri eða „meika það“, ég veit ekki einu sinni hvað það þýðir í sjálfu sér. Ég held að þetta sé eitt hvað gamaldags hugarfar í okkur Íslendingum þar sem við höfum verið lítil og einangruð svo lengi. Tónlist er aðeins starfsgrein eins og hver önnur.“

Var flókið að starfa með maka og bræðrum í hljómsveit?

„Já, mjög flókið,“ segir Einar. „En á sama tíma mjög gefandi.“

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



FERMINGAR
tilboð

GJÖF
FYLGRIR
FERMINGAR-
RÚMUM



20%
afsl.

vefverslun
svefnogheilsa.is

Taktu því rólega og skoðaðu vöruúrvalið okkar á netinu og gerðu hagstæð innkaup

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: Húsgagna- og Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum



Rendezvous

Auðvitað reynir það á að vera fjölskylda á tónleikaferðalagi. Aldrei samt þannig að okkur liði illa saman.“

Bílslysíð jákvæð lífsreynsla

Í aprílmánuði árið 2008 lentu meðlimir Steed Lord og Egill, faðir bræðranna, í mjög alvarlegu bílslysi á Reykjanesbrautinni. Hljómsveitin var á leið í flug snemma morguns þegar bílstjóri folksbíls úr gagnstæðri átt missti stjórnina og hafnaði fram- an á þeirra bíl. Einar man mjög vel hvernig þetta atvikaðist. Hált var á veginum og viðgerðir á Reykjanesbrautinni. Hann segir það mikla mildi að faðir þeirra hafi verið við stýrið því hann keyri jafnan frekar hægt.

„Þetta hefði getað farið svo mikið verr, ef við hefðum verið á meiri hraða,“ segir Einar. „Ég sá blátt flykki koma. Síðan heyrðist hræðsluöskur. Og maður tók höggið.“

Elli sat í framsætinu, Einar, Eðvarð og Svala aftur í.

„Eftir að höggið kom var eins og tíminn liði hægar. Það liðu átján mínútur þangað til sjúkrabíllinn kom, en mér fannst þetta líða eins og tveir klukkutímar. Það var mikil reykur, öskur og kuldi. Þetta var eins konar surrealistísk upplifun og mér fannst þetta vera eins og eitt hvert djók. Þetta væri ekki að gerast,“ segir Einar og brosir út í annað.

„Síðan tók við skelfing og örvænting og ég fylltist af adrena- líni. Ég vissi ekki hvort það væri í lagi með fjölskyldu mína. Til að byrja með hélt ég að svo væri ekki. Ég var með fullri meðvitund og gat hreyft mig. Þegar ég losaði bílbeltið sá ég að það var aðeins graf- ið inn í mig. Ég fór strax að reyna að hjálpa, en svo kom í ljós að ég var sjálfur alvarlega slasaður.“

Einar var í tveggja punkta belti og hann fékk mikla áverka á kviðinn við höggið.

„Það sprakk allt inni í mér. Það voru gótt úti um allt og miklar inn- vortis blæðingar. En ég fann ekkert fyrir því fyrr en adrenalínið var runnið úr mér og ég kominn upp á spítala. Ég sá alvarleikann í augun-

um á læknumum, gríma var sett á mig og svo slokkaði á mér.“

Einar og Eðvarð þurftu að fara samstundis í skurðaðgerð og fyrstu nóttina var tvísýnt hvort Einar hefði þetta af. Það næsta sem hann man var að hann vaknaði fjórum dögum seinna í öndunarvél.

Við tóku fjórir mánuðir af spítalavist. Einar þurfti að undirgang- ast fjölda aðgerða á kviðarholi og ekki heppnuðust allar sem skyldi. Sárin greru oft illa og sýk- ingar komu í þau. Einar segir að þetta hái honum enn í dag, ellefu árum eftir slysið. Bæði hvað varð- ar kviðinn og mikla bakverki eftir höggið.

„Þetta breytti mér. Ég verð að vera duglegur að hreyfa mig og lifa mjög heilbrigðum lífsstíl. Ég borða góðan og hollan mat því að ég má ekki gera annað, þá fer allt í steik. Ef ég sé vel um mig líður mér bæri- lega.“

Hvaða tilfinningar hefur þú gagnvart slysinu í dag?

„Þetta var mjög jákvæð lífs- reynsla,“ segir Einar án þess að hika og kemur það nokkuð flatt upp á blaðamann að heyra.

„Hún varð það. Samheldnin í fjölskyldunni var mikil og ég fann fyrir miklum stuðningi frá bæði vinum og okunnugu fólki. Ég fann fyrir fallettri orku á spítalanum og starfsfólkið stóð sig vel. Það hefði verið auðvelt að sökkva sér ofan í volæði yfir því að vera fastur þarna og að sumar aðgerðirnar hefðu ekki gengið sem skyldi. En ég fann einhverja innri ró í öllu þessu ferli og í dag finnst okkur öllum í fjöl- skyldunni vænna um lífið sjálft. Ég fékk aðra lífssýn og veraldleg- ir hlutir skipta mig ekki jafn miklu máli og áður. Þetta var harkaleg áminning um hversu dýrmætt líf- ið er og hversu litlu getur munað að illa fari.“

Með heimprá í Los Angeles

Bílslysíð átti sinn þátt í að hljóms- sveitarmeðlimir Steed Lord fluttu búferlum til Los Angeles í Kali- forníu. Vildu þau skipta um um- hverfi og komast mitt í suðupott tónlistar- og kvikmyndabransans. Elli hætti þá í bandinu til að ein- beita sér að eigin listsköpun.

Ég hef aldrei haft áhuga frægðinni sem slíkri eða „að meika það

„Við þekktum aðeins til áður en við fórum þarna út. Þetta er æðisleg borg og öðruvísi en margir halda. Hverfið sem við fluttum til, Silverlake, er til að mynda mjög evrópskt, ef svo má segja, og fólk alls staðar að úr heiminum saman komið. Maturinn er frábær og veðrið sömuleiðis. En Los Angeles er risastór borg og langt á milli staða. Fólk dvelur lengi í bílunum sínum og er nokkuð einangrað. Það er aðeins lítill hluti af borginni þar sem fólk er með andlitsstrekk- ingar, keyrandi um á Lamborghini. Svæði sem við sóttum ekkert í.“

Steed Lord hætti árið 2016 og árið 2018 skildu Einar og Svala. Í millitíðinni kom hún fram í Eurovision, árið 2017, með lagið Paper sem þau Einar sömdu ásamt Lester Mendez og Lily Elise. Einar býr enn þá í Los Angeles en hann finnur að Ísland togar í hann.

„Ég er með heimprá í Ísland. Okkar menningu, okkar náttúru og fólkið auðvitað.“

Stór verkefni í bígerð

Einar situr nú við handritsgerð fyrir tvö stór verkefni. Annars vegar er það fyrir kvikmynd og hins vegar þáttaröð, í samstarfi við El- ías K. Hansen sem Einar kynntist í

Los Angeles.

„Íslensk kvikmyndagerð er á tímamótum núna og mig langar til þess að taka þátt,“ segir Einar. Hann hefur vakið talsverða athygli fyrir ljósmyndun og byggir hand- ritsgerðina að hluta til á myndum.

„Afi minn, Eðvarð Sigurgeir- son, var atvinnuljósmyndari á Akureyri og ég var mikið í myrkraherberginu hjá honum. Pabbi var líka alltaf með mynda- vél á sér og ég stalst í hana, tólf eða þrettán ára. Ég hef aldrei stund- að þetta sem atvinnugrein heldur frekar sem tæki til að hjálpa mér að fanga staði og stund. Líkt og minnisblöð til að festa hugmynd- ir niður.“

Einar hefur aldrei haldið sýn- ingu á ljósmyndum sínum, en stefnir á þá fyrstu í sumar á Ís- landi. Sumar myndirnar hans hafa þó ratað í tímarit. Einar einblínnir frekar á staði og söguvið frekar en fólk, og ljósið skiptir höfuðmáli.

„Ég keyri mikið um, með myndavélina með mér, og mynda ef ég sé eitthvað sem grípur mig. Ég fer ekki út til þess að leita uppi myndefni og er ekki að fylgja ákveðinni stefnu. Það er aftur á móti ákveðinn tónn eða stef í myndunum sem lifir í mér sjálf-

um. Eins og svo margir er ég líka haldinn mikilli nostalgiu og það sést í myndunum. Margt sem ég mynda er fljótt á lituð mjög ómerki- legir hlutir, en ég sé eitthvað við þá sem gerir þá athyglisverða fyrir mig. Það gæti til dæmis verið hversdagslegt útvarpsmastur úti á landi, en fyrir mér er það bío- myndasena.“

Einar hefur setið við skriftir að leikinni dramamynd sem verður hans fyrsta í fullri lengd. Hann vill ekki gefa of mikið upp og segja frá söguþræðinum, en segir að hún sé mjög persónuleg.

„Þetta er rammíslensk mynd. Það var mjög krefjandi að takast á við handritsgerðina, en ég hef haft áhuga á þessu lengi. Þegar ég var yngri skrifaði ég smásögur. Að skrifa handrit er ekki ósvipað og að skrifa lag. Það er ákveðinn inn- gangur og síðan skipting á köflum, líkt og erindi og viðlag í tónlist.“

Hitt stóra verkefnið sem Einar og Elías eru að vinna að er þátta- röð. Átta leiknir þættir, hver tæp- ur klukkutími að lengd, og hafa þeir nýlega skrifað undir samning við Pegasus sem mun framleiða þættina. Einar mun einnig sjá um að leikstýra þáttunum sem verða dramatískir líkt og kvikmyndin.

„Við skrifuðum undir fyrir örfáum dögum, en það er ekki kominn nákvæmur tímarammi. Ég býst við að þetta taki um eitt til eitt og hálft ár áður en við för- um í tókur. Þetta eru átta leiknir íslenskir sjónvarpsþættir, drama, og við erum öll mjög spennt fyrir þessu metnaðarfulla verkefni.“

Ætlar þú að leggja þetta fyrir þig í framtíðinni?

„Já, algjörlega. Ég er búinn að vera lengi í tónlist en kvikmynda- gerðin hefur lengi togað í mig. Þetta eru spennandi tímar og ég finn fyrir miklum áhuga á íslensku efni.“

Öfugt við marga þá ferð þú frá Hollywood til Íslands til að gera bío?

„Já, þetta er svo persónulegt. Eins yndislegt það er að vera í Los Angeles og Hollywood, þá er það ekki mín saga. Ég er Íslendingur og vil segja íslenskar sögur.“ ■

GRÆNA TUNNAN AUÐVELDAR FLOKKUNINA

Pappír, pappa, plast og minni málmhluti má setja beint í tunnuna - Muna að skola



Pantaðu grænu tunnuna í síma 577-5757 eða www.igf.is/panta



„Við erum ekkert að stressa okkur á þessu einmitt núna

Umfelgunarkostnaður getur numið tugum þúsunda

80.000 krónu sekt fyrir fjögur nagladekk

Vandaðar innréttingar



Hjá Parka færðu flottar innréttingar í hæsta gæðaflokki. Mikið úrval.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig!

Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is



Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is




Samkvæmt reglugerð var kominn tími til þess að taka nagladekkin af bílum þann 15. apríl og mega þau ekki fara aftur undir bílinn fyrr en 31. október. Sektir vegna notkunar nagladekkja á þessu tímabili eru 20.000 krónur fyrir hvert dekk sem gera í heildina 80.000 krónur ef um fjögur nagladekk er að ræða. Samkvæmt lögum bera þó öku-menn ábyrgð á því að aka um á dekkjum sem eru í samræmi við aðstæður hverju sinni, óháð árs-tíðum, og er því heimilt að nota neglða hjólbarda ef þörf er á vegna akstursaðstæðna.

Lögreglan stressar sig ekki á negldum dekkjum strax
Blaðamaður hafði samband við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og forvitnaðist út í reglugerðina og sektirnar sem henni fylgja.
„Þetta er þannig að reglugerðin hljómar svo að þú átt að skipta um nagladekk þann 15. apríl, en svo er alltaf tekið inn í aðstæðurnar þetta skemmtilega orðalag: „Nema að veðuraðstæður segi annað.“ Þannig að þetta er alltaf dálítið mat. Núna erum við sjálfir til dæmis ekkert að stressa okkur á því að skipta. Um páskana eru meðal annars margir á faraldsfæti, fara norður eða austur, og samkvæmt langtímaspánni þá á að kólna eitthvað, koma næturfrost og gæti farið að snjóa. Svo við erum ekkert að stressa okkur á þessu einmitt núna,“ segir lögreglumaður í samtali við DV.
Fólk en þá ekki endilega sektað frá og með 15. apríl?
„Nei, nei, nei, nei, og þetta hefur verið svoléiðis síðustu árin. Við höfum verið mjög slakir.“
Ökutæki sett í akstursbann eftir ítrekaðar áminningar
Er sektum einungis beitt? Hvað ef fólk fær margar áminningar?

„Í kringum miðjan maí þá á ekki að þurfa nagladekk á þessu landsvæði

„Þetta er þannig að ef fólk fær ítrekaðar áminningar þá getum við boðað bílinn í skoðun og sett á hann akstursbann. En þetta er ekki talið það alvarlegt í sektargerðinni að það hljómi undir upp-töku ökutækis.“
Ef ökumaður yrði tekinn með nokkurra daga millibili fengi hann þá fleiri en eina sekt?
„Já, ég meina ef hann er til dæmis tekinn af Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og keyrir síðan austur fyrir fjall og verður tekinn af Lögreglunni á Suðurlandi þá eru þetta tvö lögregluembætti og gæti hann þá fengið tvær sektir.“
Hvenær teljið þið að ekki sé hægt að nota veðrið sem afsökun fyrir nagladekkjum?
„Ég man eftir því að einhvern tímann fór ég norður fyrir nokkrum árum og þá var snjó-koma í lok maí. En hérna á höfuðborgarsvæðinu þá erum við dá-

lítið að horfa á þetta svona í byrjun maí. Metum það hvernig staðan er þá og í flestum tilfellum er komið þannig veður að í kringum miðjan maí þá á ekki að þurfa nagladekk á þessu landsvæði.“
Kostnaður fer eftir stærð og gerð
Blaðamaður skoðaði einnig verð á umfelgun hjá nokkrum hjólbarda-verkstæðum og fór verðið frá því að vera um 8.000 krónur og allt upp í 53.254 krónur, allt eftir stærð og gerð bíla og dekkja. Inni í því verði felst umfelgun, jafnvægisstilling og umskipti á öllum fjórum dekkjum. Þá eru margir sem eiga eftir að kaupa sér ný dekk og fer kostnaður á þeim einnig eftir stærð og gerð. Það getur því verið ansi kostnaðarsamt að láta skipta um dekk og gott er að hafa það í huga nokkru áður en að skiptum kemur. ■



LÓNSBRAUT 6 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 551 7170 • SAETOPPUR.IS

Vilja Íslendinginn handtekinn

Ekkert hefur spurst til Henrys Jimenez

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is

Enn hefur ekkert spurst til Henrys Alejandros Jimenez, tvítugs piltur sem yfirgaf heimili sitt í í Torrevieja í Alicante-héraði á nýársnótt eftir að hafa rifist við íslenskan meðleigjanda sinn. DV greindi frá hvarfi Henrys á dögunum. Móðir Henrys furðar sig á því að Íslendingurinn, sem bjó með Henry, hafi ekki verið handtekinn og fjölskyldan telur fullvíst að Henry hafi ekki yfirgefið íbúðina sjálfviljugur.

Árásin tilkynnt

Fram kom í frétt DV á dögunum að þrír Íslendingar koma við sögu í dularfullu mannhvarfsmáli sem upp kom á Spáni í byrjun ársins. Uppi eru getgátur um að málið tengist andláti annars þeirra. Fram kemur í spænskum miðlum að í lok

Ég reyndi að fá hann til að hætta við, vegna þess að ég treysti ekki þessum vini hans.

seinasta árs hafi íslenskur piltur fundist látinn á sófa í íbúð sem er í sama fjölbýlishúsi og þar sem Henry býr. Fram kemur að dánarorsök piltins hafi verið ofneysla. Umræddur piltur leigði á þeim tíma íbúð með tveimur öðrum Íslendingum. Annar þeirra flutti til Íslands eftir þetta en hinn varð eftir á Spáni. Henry flutti inn til hans eftir þennan hörmungaratburð.

Á gamlárskvöld var parti í íbúð þeirra félaga, Henrys og Íslendinginsins. Samkvæmt frásögn um spænskra miðla kom til átaka á milli þeirra tveggja seint um

kvöldið, sem endaði með því að Íslendingurinn réðst á Henry. Henry yfirgaf íbúðina í kjölfarið og hefur ekki sést síðan. Ítrekuð leit hefur engan árangur borið.

Fram kemur í spænskum miðlum að Guardia Civil-lögreglan hafi yfirheyrt íslenska meðleigjandann, sem og gestina sem staddir voru í íbúðinni á gamlárskvöld. Hefur Íslendingurinn staðfest að til átaka hafi komið á milli þeirra tveggja sem enduðu með því að hann réðst á Henry. Þá kemur fram að samkvæmt vitnisburði Íslendingins var Henry „ekki í góðu ástandi“



Henry Alejandro Jimenez Hvarf í byrjun árs.

Skemmtilegt og fræðandi

Áskrift 2019

Fimm tölublað + tvö eldri blöð fylgja með nýrri áskrift.

Aðeins kr. 7860 sé greitt með kreditkort!

FLÓRA ÍSLANDS

Glaðningur allt árið, gæði og góð lesning

Áskrift í síma 578-4800 eða á www.rit.is

þegar hann yfirgaf íbúðina. Fram kemur að frásagnir þeirra sem staddir voru í íbúðinni þetta kvöld séu misvísandi.

Á vef spænska miðilsins Cope kemur fram að hin meinta árás Íslendingins hafi verið tilkynnt til lögreglu. Móðir Henrys, Gina, segir að samkvæmt vinum sonar hennar hafi árásin verið harkaleg. Furðar hún sig á því að árásarmaðurinn hafi ekki verið handtekinn. Hún segir son hennar alltaf hafa treyst fólki í blindni. „Hann er svo góðhjartaður og ákvað þess vegna að fara að búa með vini sínum, sem seinna átti eftir að ráðast á hann“, segir hún og bætir við að sonur hennar hafi kennt í brjósti um vininn, sem hafi verið aleinn í útlöndum, þar sem hann talaði ekki tungumálið. „Ég reyndi að fá hann til að hætta við, vegna þess að ég treysti ekki þessum vini hans“, segir Gina jafnframt. Líkt og kom fram í frétt DV á dögunum þá fannst annar Íslendingur látinn í íbúðinni á seinasta ári.

Aðstandendur að gefast upp
Spænski fréttamiðillinn Diario Información fjallar einnig um málið. Andrés Jimenez, bróðir Henrys, segir óskiljanlegt að hægt sé að koma fram með svona margar

mismunandi frásagnir af því sem átti sér stað í íbúðinni þetta kvöld.

Þá bætir hann við að fjölskyldan telji augljóst að Henry hafi ekki yfirgefið íbúðina sjálfviljugur. Hann hafi hvorki verið með síma né skilríki á sér. Að sögn Andrésar var bróðir hans með stóra drauma varðandi framtíðina sem hann var afar spenntur fyrir. Hann lýsir Henry sem „harðduglegum og með hjarta úr gulli.“

Andrés segir „harmleikinn“ hafa hafist daginn sem fjölskyldan komst í kynni við „28 ára íslenskan karlmann“ sem seinna átti eftir að gerast meðleigjandi Henrys. Andrés segir að hann og Henry hafi upphaflega komist í kynni við íslenska manninn á bar þar sem þeir fóru reglulega til að horfa á fótbolta. Í kjölfarið hafi myndast vinskapur á milli þeirra sem endaði með því að Henry flutti inn.

Andrés segir jafnframt að margir af aðstandendum Henrys séu búnir að gefast upp á leitinni, þar á meðal vinir og kunningjar Henrys sem voru með honum seinustu klukkustundirnar áður en hann hvarf. Henry hefur nú verið týndur í meira en 100 daga.

„Það sem er verst af öllu er að horfa upp á áhugaleysið hjá þeim sem voru með honum þetta kvöld og töldust til vina hans.“ ■

GIMLI

FASTEIGNASALA

LANGHOLTSVEGUR 85, 104 REYKJAVÍK
39.900.000 kr.

Tegund	Fjölbýli
Stærð	76 M ²
Herbergi	3

NÆSTI KAFLI HEFST HJÁ OKKUR

SKYGGNISBRAUT 26 - 28, 113 REYKJAVÍK
64.800.000 kr.

Tegund	Fjölbýli
Stærð	135 M ²
Herbergi	5

KVÍSLARTUNGA 9, 270 MOSFELLSBÆR
86.900.000 kr.

Tegund	Parhús á 2 hæðum
Stærð	286 M ²
Herbergi	7

Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík / S. 570 4800

www.gimli.is

BJÓÐUM UPPÁ FRÍTT SÖLUVERÐMAT

Kaffi dagar

Allar kaffivörur
MED 10-50% AFSLÆTTI
Aðeins í nokkra daga!

LOKADAGAR

Kaffivélar, sjálfvirkar
kaffivélar, espressovélar,
kaffikvarnir, pressukönnur,
espressokönnur, kaffibox,
kaffikönnur, hitabrusar,
flounarkönnur og
margt fleira.



BRAUN

DeLonghi



Saeco

PHILIPS

SEVERIN



Sage

wilfa

bodum

Sjáðu allt úrvalið á
www.byggtogbuid.is

byggto**og**búið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS





Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Einar Þór Sigurðsson
Fréttastjóri: Kristinn Haukur Guðnason Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Adalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Miðflokkstaktar Simma
Sigmar Vilhjálmsson, Simmi Vill, fyrrverandi eigandi Ham-borgarafabrickunnar, fer mik-inn þessa dagana í þjóðfélags-umræðunni. Til að mynda er hann einn helsti talsmaður hópsins Orkan okkar sem beint er gegn orkupakka 3. Sigmar hefur oft verið bendlaður við stjórnmálin en nú virðist meiri alvara hjá honum. Orkan okkar gæti verið upptaktur að fram-boði líkt og Indefence var hjá nafna hans. Árið 2013 var Simmi vonar-stjarna hjá Framsóknarflokkn-um en lét þá ekki til skarar skríða. Nú er hann skráður í Sjálfstæðisflokkinn en talar á skjön við forystu flokksins. Simmi tekur sér hins vegar af-gerandi aðstöðu með Mið-flokksmönnum og gæti það verið næsti áfangastaður hans. **Gísli Marteinn Baldursson**, fyrr-verandi borgarfulltrúi, tókst á við Simma nýverið og bendlaði hann við framboð. Ekki fylgdi sögunni hvaða flokk um ræddi en ætla má að það sé Miðflokk-urinn.

Sleppa við ábyrgð

Athyglisvert er að sjá að Sjálf-stæðisflokkurinn taki allan hit-ann og þungann af orkupakka-orrahríð-inni sem nú gengur yfir. Ráð-herrarnir **Bjarni Benediktsson**, **Kolbrún Reyk-fjörð** og **Guðlaugur Þór** eru fólkið sem svarar fyrir hann opin-berlega, bæði gegn pólitískum andstæðingum og eigin kjós-endum. Á meðan sleppa samstarfs-flokkarnir, Vinstri græn og Framsókn, algerlega. Ætla mætti að andstaðan við fullveldisframsal til ESA væri engu minni innan þessara tveggja flokka. Venjan er að samstarfsflokkar Sjálfstæðis-flokksins í ríkisstjórn taki á sig hitamálin en nú er því öfugt farið.



Við getum lært af brunanum í Notre Dame

Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Á mánudaginn stóð Notre Dame, Mariukirkjan í París, í ljósum logum. Mikill mannfjöldi fylgdist með á götum úti og fólk grét. Allur heimurinn fylgdist með í beinni sjónvarpsútsendingu. Fólk vonaði það besta en óttaðist það versta. Ég hef aldrei heimsótt kirkjuna, aldrei heimsótt Frakkland. Heldur er ég ekki kristinnar trúar. En samt varð mér illt við að sjá kirkjuna brenna. Þetta var átakanleg sjón þó að það væru engar fregnir af dauðsföllum og engar fréttir um ásetning eða illan hug. Þegar mannlaus turnspíran féll komu óneitanlega hugrenningatengsl við það þegar tvíburaturnarnir á Manhattan, hrundu árið 2001. Þá dóu þúsundir. Hvert er fórnarlambið? Steypa og timbur? Nei, við erum öll fórnarlambið. Notre Dame hefur fylgt okkur í nærri þúsund ár. Kirkjan er partur af franskri, evrópskri og heimsmenningu. Forfeðurnir skildu hana eftir fyrir okkur til að njóta um alla tíð. Önnur hugrenningatengsl sem vakna eru skemmdarverk ISIS-liða á menningarverðmætum í borginni Mosul. Knúðir áfram af hatri og heimsku ruddust þeir inn í safn borgarinnar og brutu mörg þúsund ára gamlar stytur. Sumar frá tímum Assyriumanna, sumar frá Mesópótamíu. Þetta voru stytur sem fæstir þekktu eða höfðu nokkurn tímann séð. Engu að síður fékk það á fólk að sjá eyðilegginguna í sjónvarpi. Ekki síður en að sjá morð, pyndingar og önnur hermdarverk ISIS-liða. Þegar þessi pistill er skrifaður liggur ekki fyrir hver eldsupptökin í Notre Dame voru en grunur leikur á því að það tengist umfangsmiklum viðgerðum á kirkjunni. Frakkar trössuðu það lengi að viðhalda Notre Dame. „Þetta hlaut að gerast,“ sagði Jean-Michel Leniaud, hjá Þjóðminjastofnun Frakklands. Byggingum sem þessum þarf að halda stöðugt við. Hér á Íslandi eigum við engar steinbyggingar frá miðöldum og engar stytur frá fornöld. Hér var fátækt, fámenni og byggðin dreifð ár-hundruðum saman. Miðað við flest önnur lönd eigum við lítið af sögu-legum menningarverðmætum. Eldurinn í Notre Dame kennir



okkur öllum, líka Íslendingum, að fara vel með gamlar byggingar, stytur og sögulega muni. Viðhald er dýrt, sérstaklega á eldri húsum. Pólitískt séð er það heldur ekki vinsælt að setja of mikla fjármuni í þennan mála-

flokk. Fólk vill að grunnþjónustan gangi fyrir, spítalarnir, skólarnir, löggæslan og svo framvegis. Annað má mæta afgangi. En við verðum samt að hugsa um þessa hluti, bæði fyrir okkur sjálf og komandi kynslóðir. Hvernig myndi

okkur líða ef Árnastofnun myndi brenna með öllum handritunum? Eða dómkirkjan á Hólum? Gamli Árbær? Kúttur Sigurfari? Við eigum ekki margt, en við skulum passa vel upp á það og taka því ekki sem gefnu. ■

Spurning vikunnar

Á að banna nagladekk?

„Nei, þau bjarga lífum.“
Víktor Már Snorrason

„Alla vega hérna í bænum.“
Árni Bjarnason

„Innanbæjar þarftu ekki á þeim að halda, en gott að geta haft þau utanbæjar.“
Hildur Jóhannesdóttir

„Nei, ég þarf alltaf að fara yfir heidi og er svo örugg á þeim.“
Svava Brynja Bjarnadóttir

Páskablaðið

18. apríl 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is





HÚS DÝRA GARÐUR INN

PÁSKA OPNUN

Við höfum opið alla páskana frá kl. 10 - 17. Eftirfarandi tæki verða opin skírdag til annars í páskum: Fallturninn, lestin, ökuskólinn og krakkafossinn.

PÁSKA DAGSKRÁ 201

9

Hestateyming frá 14-14:30 

 Selunum gefið kl. 11 og 16

Mjaltir kl. 16:30 

 Refum og minnkum gefið kl. 11:30 

 Kiðlingar og grísir komnir í heimnn og að sjálfsögðu hænuungarnir 

Páskatilboð í veitingahúsinu





Viltu horfa á Eurovision í 4K?

4K tæknin er búin að taka yfir í öllum nýjustu snjallsjónvörpum frá Sony og X-Motion Clarity tæknin skilar enn meiri og skarpari myndgæðum en þekkt hafa til þessa. Í verslun Origo er að finna mikið úrval af mögnum hljómtækjum frá Sony og Bose sem eru merki í fremstu röð.

„Við erum með alla línuna í sjónvörpum frá Sony sem eru afar fallega hönnuð og með mikil gæði. Þau bjóða upp á fullkominn stuðning m.a. við Netflix og Youtube. Sony sjónvörpin sem við erum með í sölu hafa verið afar vinsæl og eru þau á tilboði hjá okkur núna. Ný kynslóð Sony sjónvarpstækja er síðan væntanleg til okkar í verslunina um næstu mánaðamót,“ segir Daníel Þór Valsson, starfandi verslunarstjóri hjá Origo.

Sony í fremstu röð

Daníel segir að Sony sé í fremstu röð þegar kemur að sjónvarpstækjum. „4K tæknin er búin að taka yfir í öllum nýjustu snjallsjónvörpum frá Sony og X-Motion Clarity tæknin skilar enn meiri og skarpari myndgæðum en þekkt hafa til þessa. Sony er með OLED og LED snjallsjónvarpstæki. OLED tækin frá Sony eru sérstök að því leyti að hátalararnir eru innbyggðir í skjáinn þannig að hljóðið berst í gegnum hann. Þetta býður upp á betra hljóð og meiri upplifun. Ef einhver er t.d. að tala hægra megin á skjánum þá berst hljóð frá hægri hlið tækisins.

Í nýju 2019 línunni er búið að færa þessa tækni yfir í LED tækin líka. Flest Sony sjónvörpin sem eru í sölu eru með Android stýrikerfi frá Google.“

Rolls Royce heimabíókerfanna

Daníel segir að í hljómtækjunum séu hljóðstangir mjög vinsælar eða svokallað soundbar. „Fólk er að tengja bassaboxin við þau. Við erum með hljóðstangir sem eru með Dolby Atmos hljóðtækni sem býður upp á gríðarlega mikil hljómgæði. Netflix er m.a. að bjóða upp á efni með Dolby Atmos. Við erum með þrjár tegundir af hljóðstöngum frá Sony sem eru með þetta nýja kerfi. Allar hljóðstangir eru með innbyggð Google Chrome Cast og Google Assistant. Hljóðstangirnar eru vel hannaðar, taka ekki mikið pláss og lúka vel fyrir framan sjónvarpstækin.

Við erum einnig með hljómtæki frá Bose. Bose er fremst í sinni röð hvað varðar hljómgæði og hefur fengið ótal verðlaun fyrir sína tækni. Við erum með þrjár tegundir hljóðstanga frá Bose og einnig Bose 5.1 hljómkerfi Lifestyle 650 sem er eins og Rolls

Royce í heimabíóum og hljómkerfum í dag.“

Það er upplifun að versla hjá Origo

„Við leggjum mikla áherslu á að upplifunin í verslun Origo sé fyrsta flokks. Við viljum að fólk geti komið inn í verslunina og prófað og upplifað sjónvörp og hljómtæki við bestu aðstæður. Við erum til dæmis með magnað Bose herbergi þar sem fólk getur prófað og upplifað Bose gæði. Það er skemmtilegt að geta boðið upp á svona upplifun og við finnum það á viðskiptavinum að þeir eru ánægðir með þetta. Við ætlum að einblína á að bjóða upp á upplifun í framtíðinni því það er það sem fólk vill,“ segir Daníel enn fremur.

Sjá nánar á vefsíðu Origo, origo.is

Árni og Benedikt,
starfsmaður í Frisbígolfbúðinni.



Kannt þú að kasta frisbídiski?

FRISBÍGOLF:

Frisbígolf er ein mest vaxandi íþrótt í Evrópu í dag. Á Íslandi stunda nú 15–20.000 manns íþróttina og iðkendum fer ört fjölgandi. Á þessu ári má ætla að haldin verði yfir hundrað frisbígolfmót um land allt. Eitt þeirra er alþjóðlegt risamót! „Iceland Solstice“, og verður það haldið í Garðabæ á Vífilstöðum og Guðmundarlundi í Kópavogi. „Ætlun okkar er að stækka völlinn á Vífilstöðum í 18 körfu völl í samvinnu við Garðabæ. Mun mótið verða hið glæsilegasta sem við höfum haldið og búast má við fjölda erlendra leikmanna. Segja má að Ísland sé á heimsvísu orðið eins konar Mekka í frisbígolfi. Er það m.a. vegna þess að hér á höfuðborgarsvæðinu er unnt að leika á þrettán frisbígolfvöllum þar sem ekki er lengra en fimm mínútna keyrsla á milli frisbígolfvalla“, segir Árni Sigurjónsson, eigandi Frisbígolfbúðarinnar, en hann er bæði kennari og keppismaður í frisbígolfi. Á höfuðborgarsvæðinu eru 13 frisbígolfvöllir en um land allt má finna um 60 frisbígolfvelli. „Þetta eru

yfirleitt 9 körfu vellir, en sumir eru 18 körfu. Einn 18 körfu frisbígolfvöll er að finna á höfuðborgarsvæðinu, hann er í Gufunesinu.“ Þá má geta þess að Frisbígolfbúðin er að vinna að hönnun og uppsetningu á nýjum 18 körfu frisbígolfvelli við Háskólann á Akureyri sem verður hinn glæsilegasti. Starfsmenn Frisbígolfbúðarinnar hafa verið iðnir við uppsetningu frisbígolfvalla víða um land. „Það stýttist í að hægt verði að spila frisbígolf nánast hvar sem er á landinu.“

Ódýr og fjölskylduvæn dægrastytting

Frisbígolf er afar fjölskylduvænt sport. Það er stórskemmtilegt fyrir fjölskyldur að stunda og nota tíma saman við þá iðju. Kostnaður er tiltölulega lítill. „Sem dæmi kostar „startpakki“, sem saman stendur af þremur diskum, ekki nema 5.000 krónur hjá okkur og þá er maður eiginlega orðinn gjaldgengur á þá fjölmörgu frisbígolfvelli sem er að finna um landið.“ Þarna er því um að ræða ódýra íþrótt sem hægt er að stunda nánast allan ársins hring.

Hefur þú prófað frisbígolf?

Diskarnir sem íþróttin er stunduð með eru töluvert frábregðir venjulegum leikfanga-kastdiskum. Þeir eru aðeins þyngri og þá er tæknin og aðferðafræðin önnur. „Flestir kasta venjulegum leikfanga-kastdiskum frá bringu og út. En frisbígolfdiski er kastað þannig að líkja má því við að maður sé að toga sláttuvél í gang, sem staðsett er á borði fyrir aftan mann. Þannig býrðu til meiri snúning og hraða á diskinn þegar þú sleppir honum. En þetta er allt kennt itarlega á námskeiðum sem við bjóðum upp á og þar fær spilarinn góða grunnfræðslu.“

Fjöldi námskeiða er í boði hjá Frisbígolfbúðinni fyrir einstaklinga og hópa, eins verða boðin námskeið fyrir börn og unglinga á öllum aldri. T.d. verða haldin námskeið í sumar í Guðmundarlundi í Kópavogi, sem eru ætluð fyrir börn frá 8 ára til 12 ára aldrs. Þar geta foreldrar nýtt fristundastyrk frá Kópavogi. Slík námskeið hafa alltaf verið mjög vinsæl hjá

krökkum. Eins býður Frisbígolfbúðin upp á námskeið fyrir 40 ára og eldri. Slíkt námskeið verður fljótlega haldið og er frekari upplýsingar að finna hjá starfsfólki Frisbígolfbúðarinnar.


Fyrirtæki, hópefli

Frisbígolfbúðin sér um hópefli og skemmtanir fyrir fyrirtæki. Sífellt fjölgar þeim sem hafa áhuga á því að kynnast sportinu og hefur þetta þar af leiðandi verið mjög vinsæll kostur fyrir hóp.

Hægt er að forvitnast um öll námskeið með því að hafa samband við Frisbígolfbúðina í síma: 899-8899 eða í netpósti: frisbígolf@frisbígolf.is

Frisbígolfbúðin er staðsett í Bolholti 4.

Fylgstu með okkur á Facebook: Frisbígolf búðin



KRAKKAKLÚBBURINN KRUMMI:

Listaverkin koma á óvart og við erum alltaf að uppgötva eitthvað nýtt!

Krakkaklúbburinn Krummi hóf göngu sína á Listasafni Íslands haustið 2018. Krakkaklúbburinn stendur fyrir fjölbreyttri dagskrá í hverjum mánuði þar sem börnum og fjölskyldum er boðið að fræðast um listaverkin í safneign Listasafns Íslands, skapa list og leika sér í nærandi umhverfi. Starfið er fyrir börn á öllum aldri og er þátttakendum að kostnaðarlausu. Markmiðið er meðal annars að fólk gangi að fjölbreyttri og vandaðri starfsemi fyrir börn og fjölskyldur þeirra í Listasafni Íslands.

Metnaðarfull dagskrá

Tenging við sýningar og starfsemi safnsins er ávallt höfð að leiðarljósi við dagskrárgerð Krakkaklúbbsins Krumma. Dagskráin er metnaðarfull og við leggjum mikið upp úr fjölbreytileika og viðburðum þar sem allir geta tekið þátt, börn og fullorðnir. Viðbrögðin hafa ekki látið á sér standa og Krakkaklúbburinn Krummi fer sífellt stækkandi. „Við höfum fundið fyrir mikilli eftirspurn eftir vönduðu barnastarfi á safninu okkar. Dagskráin er gefin út nokkra mánuði fram í tímann þannig að fjölskyldur geti skipulagt tíma sinn með góðum fyrirvara. Viðburðirnir eru endurteknir tvisvar í mánuði þannig að sem flestir geti notið góðs af,“ segir Ragnheiður Vignisdóttir, verkefnastjóri viðburða og fræðslu.

„Tvisvar sinnum í mánuði fyllist Listasafn Íslands af lífi þar sem börnin koma með foreldrum sínum, systkinum, ömmum og öfum í heimsókn og njóta samverunnar við hvert annað og skemmtilega starfsins sem hér er skipulagt í Krakkaklúbbnum Krumma. Listaverkin koma nefnilega á óvart og við erum alltaf að uppgötva eitthvað nýtt!“

Silkiprykksmiðja

Dæmi um viðburði sem Krakkaklúbburinn hefur staðið fyrir síðasta árið eru tónleikar, grafíkmiðjur, ritsmiðjur, fræðsla um miðalda-handrit, jólakortagerð, galdrasýning, landakortasmiðja, teiknismiðja með teiknikennurum og núna í apríl er silkiprykksmiðja á dagskrá í tengslum við sýninguna Fjársjóður þjóðar. Hægt verður að koma með bol að heiman til að fá prentaða mynd á eða fá pappír á safninu og skapa sitt eigið silkiprykk.

Næsta silkiprykksmiðja verður á dagskrá laugardaginn 27. apríl kl. 14-16 í Listasafni Íslands.

Nánari upplýsingar um viðburði safnsins má nálgast á listasafn.is

Listasafn Íslands er staðsett að Frikirkjuvegi 7, 101 Reykjavík.
Sími: 515-9600
Fylgstu með á Facebook:
Listasafn Íslands
og Instagram: Listasafn Íslands



GALDRASÝNING ÓTRÚLEGUSTU HLUTIR GERAST Í LISTASAFNI ÍSLANDS

**LAUGARDAGINN 19. JANÚAR
KL. 14**

Stórkostleg galdrasýning í Listasafni Íslands í tengslum við sýninguna Véfréttir – Karl Einarsson Dunganon. Dunganon kallaði sig galdramann og þú færð að hitta einn slíkan!

FERÐALAG TIL FRAMANDI MENNINGARHEIMA

**LAUGARDAGANA
9. OG 23. FEBRÚAR
KL. 14-16**

Vissir þú að það eru 5.106 kílómetrar frá Reykjavík til Beirút? Búum til okkar eigin landakort úr spennandi efniviði og látum hugmyndaflugið ráða.

LISTIN AÐ TEIKNA

**LAUGARDAGANA
9. OG 23. MARS
KL. 14-16**

Undurfögur listaverk veita innblástur að teikningum sem börnin teikna á staðnum undir leiðsögn. Frábært tækifæri til þess að leyfa listrænum hæfileikum að njóta sín í fallegu umhverfi.



SILKIDRYKK MEÐ PRENTI OG VINUM

**LAUGARDAGANA
13. OG 27. APRÍL
KL. 14-16**

Prent og vinir mæta aftur til leiks í Listasafni Íslands og að þessu sinni með silkiprykksmiðju í tengslum við sýninguna Fjársjóður þjóðar. Komdu með hvítan bol að heiman til að prenta á eða fáðu pappír hjá okkur. Einstök tækni sem gaman er að kynna!

FJÁRSJÓÐSLEIT

**LAUGARDAGINN 18. MAÍ
KL. 14-16**

Fjársjóðsleit í Listasafni Íslands – listaverkin koma á óvart og við erum alltaf að uppgötva eitthvað nýtt!



**KRAKKA
KLÚBBURINN
KRUMMI**

Tengiliður dagskrár: Ragnheiður Vignisdóttir
ragnheidur@listasafn.is
s: 515-9614 / 621-9614

Netfang: mennti@listasafn.is / Sími: 515-9600
Fylgist með nýjustu fréttum á Facebook-síðu Listasafns Íslands
[Facebook.com/listasafn.islands](https://www.facebook.com/listasafn.islands)



ÚRVAL AF
KRYDDUM Á
PÁSKALAMBIÐ

prima





ORKAN OKKAR:

„Hvernig getum við setið hjá og leyft þessu að gerast?“

Fyrir mér er þetta fullveldismál. Ég vil að Íslendingar eigi orkuna og ég get ekki hugsað mér að við markaðsvæðum orkukerfið okkar ef við samþykkjum þingsályktunartillögur og frumvarp sem tengjast Orkupakka 3. Þá erum við þar með að tapa völdum yfir til stofnana í Evrópu og það vil ég ekki,” segir Elínóra Inga Sigurðardóttir, stofnandi samtakanna Orkan okkar.

Um er að ræða samtök þeirra sem vilja standa vörð um sjálfsákvörðunarrétt Íslands í orkumálum. Samtökin voru stofnuð í október 2018 til þess að vekja athygli á mikilvægi orkuauðlindarinnar fyrir lífskjörin í landinu og kynna rök gegn

frekari innleiðingu orkulöggjafar ESB hér á landi. Samtökin eru opin öllum sem vilja styðja málstaðinn.

Sigmar Vilhjálmsson athafnamaður er í hópi þeirra sem eru alfarið á móti innleiðingu þriðja orkupakks. Segir hann það einnig vera leiðinlegt að sjá hvað það eru margir þarna úti sem nenna ekki að kynna sér þetta. „Hvernig getum við setið hjá og leyft þessu að gerast?“ spyr Sigmar. „Orkupakki 3 er stærra skref í þá átt að einkavæða orkuauðlindir okkar, við erum með 10 ára reynslu af Orkupakka 2 og reynslan er hærra orkuverð á öll heimili og fyrirtæki í landinu. Með Orkupakka 3 er verið að fara enn lengra í þeim málum. Á

Íslandi er eitt lægsta orkuverð í heimi, orkufyrirtækin í landinu, sem eru í okkar eigu, eru að skila hagnaði til ríkisins sem fer í innviðauppbýggingu og orkukerfið okkar er mjög stöðugt. Því í ósköpunum á að breyta því? Hvað er hægt að biðja um meira fyrir okkur sem þjóð?“

Ögmundur Jónasson, fyrrverandi ráðherra og alþingismaður, tekur í sama streng og er á móti vegferðinni allri. „Hún endar með því eftir að búið er að markaðsvæða orkuna, að þessi fyrirtæki verða sett á markað og seld. Þau hafna í höndum á fjárfestum, innlendum eða erlendum, og það er að gerast núna. Það er þegar að gerast með vatnsréttindi víða

um landið og það mun gerast með allan þennan geira. Þegar hvati er kominn inn í kerfið að virkja sem mest fyrir arðsemi, þá fer ég að biðja fyrir íslenskri náttúru.“

Þúsundir hafa þegar gengið í hópin Orkan okkar á Facebook en í þann hóp eru allir velkomnir sem eru sammála því að Íslendingar eigi sjálfir að stýra eigin orkumálum og því beri að hafna innleiðingu þriðja orkupakka ESB hér á landi.

Kynntu þér málið nánar á orkanokkar.is





Sveitaparadís í hjarta Vestfjarða

HOLT INN:

Holt Inn er ekta sveitahótel staðsett í Önundarfirði, hjarta Vestfjarða, þar sem náttúrufegurð, sveitagestrisni, ljúfur fuglasöngur, fjölbreytt dýralíf og kyrrð mætast og mynda einstakt og notalegt andrúmsloft. „Við erum í um fimm klukkustunda akstursfjarlægð frá Reykjavík og örstutt frá Ísafirði, Flateyri og Suðureyri þar sem finna má góða grunnþjónustu, golfvelli, skíðasvæði, söfn, setur og fyrirtaks sundlaugar. Að koma hingað á að vera eins og að fara í gott fri. Ég hef sjálf töluverða reynslu af gistihúsarekstri en amma mín, sem er hússtjórnarskólagengin, rak Bed and Breakfast-gistihús. Á sumrin hjálpaði ég henni mikið og lærði margt af henni. Við sjáum til þess að gesti okkar vanhagi ekki um neitt og að þeir geti notið sín í algerri kyrrð og ró í fallegu umhverfi,“ segir Hólmfríður Bóasdóttir, eða Hófi eins og hún er alltaf kölluð.

Fyrsta flokks aðstaða
„Við hjónin, ég og Kristján Óskar Ásvaldsson, ásamt tengdaforeldrum mínum, Helgu Dóru Kristjánsdóttur og Ásvaldi Magnússyni tókum okkur til og græjuðum gamla skólann í Önundarfirði. Hótelíð opnuðum við þann 18. júní 2018. Við erum með 11 2–3 manna herbergi sem öll eru með sér baði,“ segir Hófi.
Holt Inn er sérlega sjarmerandi og fjölskyldurekið sveitahótel og er opið allan ársins hring. „Við erum fjögur sem sjáum um reksturinn og skiptumst á að vera á staðnum á milli þess sem við sinnum dagvinnunni okkar. Á veturna erum við bara fjögur í þessu en á sumrin erum við með þrjá aðra starfsmenn úr Önundarfirði.“ Á hótelinu eru tveir 30 og 100 manna salir sem eru tilvaldir hvort heldur er fyrir fundahald eða veislur svo sem brúðkaup, stórafmæli eða ættarmót. Á staðnum er gott, fritt þráðlaust net, skjávarpi, sjónvarpsskjár, pianó og orgel.

Hæstánægð brúðhjón
Í Önundarfirði er mikil friðsæld og fámenni. Einnig er afar lítil ljósmengun sem gefur gullið tækifæri til norðurljósaskoðunar. Hér er líka margt hægt að gera. Umhverfið býður upp á stórskemmtilegar gönguferðir, við Holtsbryggju er hægt að stinga sér til sjósunds eða stunda ýmiss konar sjósport eins og kajakferðir. „Í fyrrasumar var gullfallett brúðkaup haldið hjá okkur og var stemningin ólík öllu sem ég hef kynnst. Brúðhjónin höfðu samband við okkur eftir á og þökkðu okkur fyrir að gera þennan viðburð algerlega ógleymanlegan. Það voru allir svo ánægðir með upplifunina. Það myndast líka svo skemmtileg stemning í svona veislum þegar allir eru samankomnir undir sama þaki, einhvers staðar í guðsgrænni náttúrunni fjarri skarkala borgarinnar.“

Vantar þig gistingu um páskahegina?
„Við eigum nokkur herbergi laus núna

fyrir heppna einstaklinga sem eru að leita sér að gistingu fyrir Aldrei fór ég suður, tónlistarhátíðina margrómuðu sem haldin er á Ísafirði um páskahegina. Við erum steinsnar frá Ísafirði og því er tilvalið að koma sér fyrir hér á Holt Inn í kyrrð og ró, halda svo á skemmtilega tónleika á Ísafirði og koma svo aftur í besta nætursvefn sem þú hefur upplifað.
Það hefur verið brjálað að gera hjá okkur og þetta ævintýri hefur farið langt fram úr okkar björtustu vonum, þó svo að við höfum bara opnað í fyrra. Við höfum fengið fyrsta flokks undirtektir á helstu bókunar- og ummælasíðum á netinu og fólk er ánæggt með aðstöðuna hér og gestrisnina. Við erum mjög bjartsýn á framtíðina,“ segir Hófi.
Við bjóðum alla velkomna til okkar á Holt Inn með einstakri sveitagestrisni, eins og okkur einum er lagið.

Bókaðu herbergi á holtinn.is
Holt, 426 Flateyri
Sími: 456-7611
Vefpóstur: holtinn@holtinn.is





DEL MONTE ÓMISSANDI UM PÁSKA



Fullkomnaðu
hátíðarmatinn
með niðursoðnum
ávöxtum frá
Del Monte

Ómissandi í
forréttinn,
aðalréttinn og
baksturinn



Gleðileg



**Kjarnaborun og
steinsteypusögun**

895 9490 895 9491



MURVERK, FLÍSLAGNIR, STEINING, HÚSAVIGGERDIR



GG VERK
byggingaverktaki



**HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings



VERKTAK ehf.
698-6738



gla páská



Verkfæralagerinn

BJÖRNINN  VERKTAKAR
SÍMI: 6201288



Fagverk
verktakar





GLÆSILEGA PÁSKA

Handgerðu páskaeggín
frá Hafliða Ragnarssyni eru
komin í Mosfellsbakarí,
Háaleitisbraut og Háholti.



HAFLIÐI RAGNARSSON
CHOCOLATIER



Hér sést hvernig Volvoinn var útleikinn eftir áreksturinn.



„Ég mátti teljast heppinn að vera á lífi“

Pað má segja að þúsundþjalasmiðurinn Smári Hólm Kristófersson sé lifandi sönnun þess að kraftaverkin gerast enn. Hann lenti í alvarlegu bílslysi í Danmörku fyrir nokkrum árum þar sem hann hlaut heilaskaða og var í kjölfarið stimplaður öryrki. Upp frá því tóku örlögin í taumana. „Allt var á niður leið hjá okkur fjárhaglega.“

Heppinn að vera í Benz
„Ég lenti í alvarlegu bílslysi árið 2008 þegar ég bjó í Danmörku, sem varð til þess að ég varð óvinnufær og var settur á öryrkjabætur. Gömlum Volvo var ekið í veg fyrir Benzinn minn á 100 kílómetra hraða. Það var eldri kona við stýrið og sem betur fer var enginn í farþegasætinu því Volvoinn fór alveg í vinkill og það voru 20 sentimetrar eftir af farþegasætinu.“

Ég man eftir því að lögreglan sagði við mig eftir slysið: „Þú varst heppinn að vera í Mercedes Benz.“ „Ha af hverju?“ spurði ég hann og undraði mig á hvað hann meinti eiginlega með því. Hann sagði að Benzinn væri sterkbyggður bill og að ef ég hefði verið á smábíl þá hefði ég alveg örugglega verið steindaður og niðri í kjallara, þetta hefði verið mjög alvalegt bílslys sem ég lenti í. „Þú mátt teljast heppinn að vera á lífi,“ sagði hann. Konan í Volvunum lifði af áreksturinn og sagði lögreglan það alveg furðulegt, en að það hefði líklega verið af því að hún var á Volvo.“

Ráfaði um týndur
„Ég bjó með konunni minni í Danmörku á þessum tíma og í þrjú ár ráfaði ég um heima hjá mér alveg týndur. Ég hafði hlotið áunninn

heilaskaða eftir slysið og mundi ekkert. Var varla fær um að tala, hvorki eigið móðurmál né dönsku. Ég hafði þó minningar um konuna mína sem hjálpaði mér í gegnum þetta erfiða tímabil. Ég gat ekkert unnið og var alveg að missa móðinn. Ég var kominn á ansi myrkan stað og konan missti svo vinnuna í kjölfarið vegna niðurskurðar, við ákváðum að fara til Íslands og fá okkur vinnu til að reyna að halda húsinu okkar í Danmörku. Það var þá sem kraftaverkin fóru að gerast. Mér finnst eins og Guð hafi gripið inn í lífið fyrir mig á Íslandi. Kraftaverkið varð til þess að ég lifði og gat fylgt örlögum mínum. Góður maður kom með undraefnið ProLan til mín og sagði mér að nota þetta. Ég þakka honum mikið fyrir og hugsa oft til hans. Síðan þá hefur allt komið upp í hendurnar á okkur.“

Kraftaverkaefnið ProLan
„Ég kom heim til Íslands með konunni og það var þá sem hjólin fóru að snúast. Mér áskotnaðist húsnæði til þess að búa í, sem vinur minn reddaði mér. Svo fékk ég bilalyftu frá öðrum gegn því að ég ryðverði bilinn hans. Ég opnaði ryðvarnarverkstaðið Hjá Smára Hólmi í Hafnarfirði og var þá með annað efni sem er úr lanólín, en það uppfyllti ekki þann staðal og gæði sem ég var að leita eftir. Fyrir um fjórum árum komst ég svo í tæri við undraefnið ProLan.“
Virka efnið í ProLan er lanolín, öðru nafni ullarolía sem myndast í hárum dýra sem hafa ullarfeld. Lanolín er undraefni og uppistaðan í mörgum snyrtivörum, ProLan er framleitt sem smurefni fyrir matvælaðnað. Í flugvélar hjá her Ástralíu eru notaðar ProLan-vörurnar

og hafa þær staðist prófanir við öfgafullar aðstæður, m.a. kröfur NSF-vottunar EU og því er óhætt að nota efnið í matvælaðnaði. ProLan stenst háþrýstipvott með allt að 170 bara þrýstingi. Einnig þolir efnið klór og sterk sápuþefni, tjöru- og olíu-hreinsi, auk þess sem sandur, ryk og moldarleðja loðir ekki við það. Það skemmir ekki gúmmi og hefur einangrun fyrir allt að 70 kílóvolt. Og það besta við efnið er að það er náttúrulegt. Það er lítið af aukaefnum í ProLan, og þar sem það er óhætt að nota það í matvælaðnað, þá er það að auki nær skaðlaust fyrir umhverfið. Í Danmörku eru þeir að bera ProLan á hesta með soriasis með góðum árangri.“

Ótrúlegir möguleikar
„Leif Nilsen, sem er umboðsaðili ProLan í Evrópu og er staðsettur í Danmörku, kom í heimsókn til okkar hér á Íslandi til að sjá og kynnst okkar starfsemi. Hann trúði ekki sínum eigin augum þegar hann komst að því að ég væri að ryðverja með ProLan og varð furðu lostinn yfir öllum þeim upptækjum sem ég var að prófa. Ég hef alltaf verið ofvirkur og með frjótt imyndunarafl og fljótlega eftir að ég kynntist efninu gerði ég prófanir á því. Forvitnin er mér eðlislæg. Ef maður prófar ekki þá uppgötvar maður ekki möguleikana. Ég komst að því að notkunarmöguleikarnir eru nánast endalausir og þá varð ekki áttur snúið.“

Ég fór að ryðverja bíla með ProLan, botnverja báta, nota sem leðurfeiti og margt fleira. Fyrir fjórum árum prófuðum við að setja á ryðbólur á bílum. Í dag hafa þessir ryðbólur ekkert breyst og ryðinu er algerlega

haldið í skefjum af ProLan. Ég setti upp keðjur við Hellisheiðarvirkjun til að sjá hvort efnið stæðist tæringu af völdum brennisteinsvetnis, sem það og þolir. ProLan er ótrúlegt efni og hefur miklu meiri virkni en öll önnur ryðvarnarefni sem ég hef prófað. Auk þess hef ég prófað þetta sem felgu- og bílabón og fleira. Reyndar var gamla mjallarbónið búið til úr lanólíni eins og ProLan er búið til úr. Að auki skemmir ProLan ekki gúmmi (getur þó haft áhrif á EPDM-gúmmi), þvert á móti ver það gúmmi og smyr. Það kemur m.a. í veg fyrir að bilhurðir frjósi fastar.“

Kúnnar sem höfðu keypt vöruna komu líka til mín og sögðu mér frá ýmsum notkunarmöguleikum sem þeir höfðu uppgötvað. Einn göngugarpur sagði mér að þetta væri besta efnið sem hann hefði komist í tæri við. Hann hefur ekki blotnað í fæturna síðan hann byrjaði að nota ProLan á skóna. Svo kom til min byggingarverktaki um daginn sem hefur verið að nota ProLan í steypumót. Hann hefur ekki lent í vandamálum með að ná úr mótunum síðan hann byrjaði að nota efnið.“

ProLan fæst í mismunandi þykktum, allt frá þunnri olíu sem hægt er að spreypa á með brúsa til þykkar feiti sem borin er á fleti. Einnig fæst efnið í mismunandi einingastærðum.

Sjá nánar á vefsíðunni www.prolan.is og www.smariholm.com Facebook-síðunni Prolan ryðvörn og Hjá Smára Hólmi. Rauðhella 1, Hafnarfirði S. Sími: 861-7237 Tímamantanir í síma 788-5590





Fjölskyldan saman í sund um páskana

Um páskana er opið sem hér segir:

Hátíðardagar	Kópavogslaug	Salalaug
18. apríl - Skírdagur	08:00–18:00	08:00–18:00
19. apríl - Föstudagurinn langi	10:00–18:00	10:00–18:00
20. apríl - Laugardagur f. páska	08:00–18:00	08:00–18:00
21. apríl - Páskadagur	Lokað	10:00–18:00
22. apríl - Annar í páskum	08:00–18:00	Lokað
25. apríl - Sumardagurinn fyrsti	08:00–18:00	08:00–18:00
1. maí	Lokað	10:00–18:00



Sundlaugar Kópavogs


kopavogur.is

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu





Nú er rétti tíminn
til að leita tilboða

Eru hellurnar óhrein gróðrarstía?

Við hreinsum, söndum, húðum
svo þær verða eins og nýjar



Geymdu auglýsinguna

HELLUHREINSUN.IS - S: 7756080

Led húsnúmer

Sérsmíðum númer á öll hús • sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.
Einnig hægt að hringa í sími 7756080



Ingibjörg læknaði sjálfa sig og gekk hringveginn á innan við ári

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Ingibjörg Anna Björnsdóttir var sófaklessa að eigin sögn og hafði aldrei hreyft sig að ráði. Eftir að hafa tekið þátt í meistaraverkefni um hreyfingu og fundið ávinninginn af reglubundinni hreyfingu ákvað hún að halda áfram og í dag hreyfir hún sig sjö sinnum í viku.

Inga er fædd 1977 og starfar hjá Fjöleignum, þar sem hún situr í vinnunni að meðaltali átta klukkustundir á dag, svona eins og aðrir sem vinna hefðbundna skrifstofuvinnu. „Ég hef aldrei hreyft mig í gegnum árin, bara svona einstaka sinnum farið í ræktina og gefist upp, þú veist hvernig þetta er. Maður byrjar í janúar og september og hættir í febrúar og október,“ segir Inga.

Fyrir tveimur og hálfu ári veiktist Inga alvarlega. „Ég var á pillunni og fékk mjög slæma lungnatappa og lá á spítala í nokkra daga, náði ekki að anda og gat ekki hreyft mig án aðstoðar.“

Nokkru seinna sá Inga auglýsingu á Facebook frá íslenskrum stúlku sem var að skrifa lokaritgerð sína við Háskólann í Lundi í Svíþjóð. Hana vantaði einstaklinga til að taka þátt í verkefni, sem fólst í því að ganga 30 mínútur á dag í 30 daga og svara fjórum spurningum þrisvar sinnum; við upphaf, miðju og lok verkefnisins. Þátttakendur þurftu einnig að senda Snapchat-færslu af sér á göngunni, sem staðfestingu á hreyfingunni.

„Ég hugsaði með mér: „Andskotinn þetta eru 30 mínútur á dag, ég hef ekki efni á því að að sleppa því að taka þátt“,“ segir Inga, sem skráði Önnu Boggu, vinkonu sína, líka og lét hana svo vita af skráningunni. „Þú ert asni, en það er allt í lagi,“ sagði vinkonan, en tók líka þátt og kláraði verkefnið eins og Inga, þó að þær hafi ekki alltaf gengið saman. „Ég hafði það þannig að ég kom heim úr vinnunni og skipti strax um galla og fór út. Verkefninu lauk 1. apríl í fyrra og ég fann að þrekið jókst svo mikið og mér leið svo vel í lungunum,“ segir Inga, sem segist þó ekki hafa farið hratt yfir. Ávinningurinn var þó ekki bara líkamlegur. „Okkur leið líka svo vel andlega, vorum miklu jákvæðari og hressari, og leið bara yfirhöfuð vel á allan máta.“

Þjóðvegur 1 genginn á innan við ári

Vinkonurnar gengu áfram eftir að verkefninu lauk. „Í júní vildum við halda áfram og gerðum Facebook-síðu þar sem við buðum fólki að vera með og ganga með okkur. Það voru um 15 manns sem skráðu sig, einu sinni í viku hittumst við öll saman. Sumir skráðu sig en gerðu ekkert, meðan aðrir voru með,“ segir Inga.

„Þegar komið var fram í ágúst var ég komin með ógeð á rigningunni og alveg að gefast upp og sófinn farinn að vera mun meira spennandi en rigningin. Þá stakk Elfa Björk, vinkona mín, upp á að ég myndi endurnýja markmiðið og ganga þjóðveg 1 á einu ári,“



Þetta er ekkert mál þegar maður bara byrjar

segir Inga sem hló bara að uppástungunni, en eftir að hafa sett dæmið upp í Excel sá hún að það var vel framkvæmanlegt og hún lauk hringnum á 361 degi.


Inga byrjaði í ræktinni í október samhliða göngunni og í dag fer hún í ræktina þrisvar í viku og gengur fjóra daga í viku á móti. „Ég er með þjálfara í ræktinni sem skipar mér fyrir. Þú veist hvernig það er ef maður mætir sjálfur, þá dugar það í þrjár vikur, svo fer maður að missa úr mætingu og hættir með alls konar afsökunum. Ég held að allar konur á Íslandi þekki þetta og hafi upplifað þetta.“

Spennubækur drífa Ingu áfram

„Fyrst setti ég bara góða tónlist á þegar ég fór út að ganga. Í dag hlusta ég á spennandi bækur sem er bannað að hlusta á nema þegar ég er að ganga og ef bókin er mjög spennandi þá neyðist ég til að ganga lengur eða fara oftast út,“ segir Inga. „Ég er með Storytel og um daginn gekk ég 13 kílómetra af því ég tímdi ekki að fara inn, þetta var hrikalega góð bók.“

Þegar veðrið var sem verst í vetur þá fór ég samt út og ef ég var alveg að gefast upp og nennti ekki að hlusta á sögu eða tónlist þá hringdi ég oft í Lillu frænku mína sem spurði hvert ég væri komin þá og sagði mér síðan sögu af fjalli eða öðru við þjóðveginn þar sem ég var komin í göngunni við hvert og eitt símtal. Þannig að ég fékk góða sögustund úr göngunni líka. Frænka mín er fróð um Ísland þannig að ég fékk fjölmargar sögur út úr þessu, sem gera mig líka vitrari.

Ég er búin að lækna sjálfa mig á að þrjúskast áfram, þó að ég verði aldrei 100 prósent aftur, en ég er langt komin. Núna er ég að fara upp á Úlfarsfell og niður aftur og



ekkert mál, í upphafi komst ég ekki upp götuna heima hjá mér. Ég hleyp ekki mikið, en ég strunsa. Þetta er ekkert mál þegar maður bara byrjar.“

En hver er ávinningurinn í dag af göngunni? „Fyrir utan að ég er

búin að missa 20 kíló þá næ ég að anda án þess að erfiða,“ segir Inga. „Mér líður bara allri betur og það er allt auðveldara. Ég myndi allan daginn benda fólki á að fara út. Stattu upp fyrir sjálfri þér og ekki bíða eftir neinum öðrum.“ ■

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir faratækja

Hraðþjónusta
Við mælum rafgeyma og skiptum um

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

MIKIÐ ÚRVAL, TRAUST OG FAGLEG ÞJÓNUSTA
Bíldshöfða 12 • 577 1515 • skorri.is

MYND: HANNA/DV

„Ég er bara rétt að byrja, ef maður getur sagt það eftir 11 ár“

Unnur Óla vinnur til fitnessverðlauna - Starfaði sem gullsmiður

Hádegis tilboð
alla virka daga frá 11.30 - 14.00

Humarsúpa
brauð & Þorskspjót
2.850 kr

Sægreifinn
Geirsgötu 8 • 553 1500

BORG
BRUGGHUS

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Unnur Kristín Óladóttir kom nýlega heim með fyrstu verðlaun í sínum flokki í fitnesskeppni á Írlandi. Hreyfing og hollur lífsstíll eru hennar áhugamál og atvinna, en hún telur nauðsynlegt að hver og einn finni lífsstíl og mataræði sem henti viðkomandi. Unnur er einstæð móðir og agi og skipulag hafa skilað henni þangað sem hún er í dag, en að hennar sögn er stuðningur og gott bakland einnig nauðsynlegt.

„Ég ákvað það strax, 4-5 ára gömul, að verða gullsmiður“, segir Unnur, sem byrjaði 14 ára að vinna við afgreiðslu hjá föður sínum, Óla Jóhanni Daníelssyni, sem á Gullsmiðju Óla. „Ég stóð við þau orð og útskrifaðist sem gullsmiður árið 2011 og vann við það í nokkur ár. Síðan langaði mig að breyta til og standa á eigin fótum, það fylgja því bæði kostir og gallar að vinna í fjölskyldufyrirtæki.“

Unnur hóf einkaþjálfaranám í Keili og útskrifaðist úr náminu janúar 2016. Í dag starfar hún sem einkaþjálfari í Sporthúsinu í Kópavogi. „Þetta er búið að ganga vel alveg frá því að ég byrjaði og ég er að fíla mig í tætlur og finnst alltaf gaman að mæta í vinnuna. Þetta er gjörólíkt því að sitja á verkstæði allan daginn og smíða, sem mér

finnst líka æðislegt og gaman og ég geri það alveg inni á milli. En mig langaði í annað umhverfi, hitta fólk og vera innan um það. Ég er kominn með góðan hóp af viðskiptavinum og mér finnst frábært að miðla minni þekkingu og reynslu til að hjálpa öðrum einstaklingum í að ná markmiðum sínum.“

Áhugamál Unnar snúast líkt og vinnan helst um allt sem tengist heilsu og líkamsrækt, hún byrjaði sex ára gömul í dansi og var í honum þar til hún var tólf ára og þá tók handboltinn við. Þegar hún var 18 ára gömul byrjaði Unnur síðan í líkamsræktinni. Árið 2008, þegar hún var tvítug, keppti hún á sínu fyrsta fitnessmóti og þá kviknaði um leið áhuginn á einkaþjálfaranum. En af hverju ákvað hún að byrja að keppa?

„Æskuvinkona mín keppti árið 2007 í bikínifitness og ég smitaðist af því að fylgjast með henni. Hún náði svo svakalegum árangri og mér fannst það svo frábært hjá henni og langaði að prófa líka. Ég hef alltaf verið ótrúlega feimin og ég segi ekki að ég hafi valið fitness til að sigrast á feimninni, en þegar ég sagði fólki að ég væri að fara að keppa þá trúði það því varla. „Ætlar þú að fara að standa í bikíní uppi á sviði fyrir framan fólk, þú sem getur varla lesið upphátt fyrir aðra?“ voru viðbrögð margra. En maður fer í einhvern karakter



Fyrstu verðlaun
Unnur með fyrstu verðlaunin eftir mótið á Írlandi.



Verðlaunaskápurinn
Unnur stóð við lofordið og kom heim með verðlaun í skápinn.



Gott bakland
Unnur ásamt foreldrum sínum, Eygló og Óla, sem styðja hana í einu og öllu.



Sonurinn Aron Óli
Dyggasti stuðningsmaður móður sinnar.

og og eftir fyrsta mótið þá vissi ég að það yrði ekki aftur snúið. Ellefu árum seinna er ég búin að keppa 14–15 sinnum.

Það er eitthvað við að sigra sjálf-an sig, þessi tilfinning og upplifun er alveg óháð því hvaða sæti maður lendir í, en ég er mikil keppnis-manneskja og stefni alltaf á toppinn. Það er ógeðslega erfitt að komast í gegnum ferlið fyrir mót, sem er vanalega 12 vikna niðurskurður, og enn í dag skil ég ekki alveg hvernig ég fer í gegnum það, maður fer í eitthvert „zone.“ Það er mikill agi, skipulag og metnaður sem fylgir og þetta er alls ekki fyrir alla.“

Öðruvísi upplifun að keppa á erlendu móti

Unnur hefur mest keppt hér heima, en hefur nýlega keppt á tveimur mótum erlendis, í Dublin (Limerick) á Írlandi, þar sem hún náði 1. sæti í sínum hæðarflokki, og í London (Watford) á Englandi, þar sem hún náði 4. sæti í sínum hæðarflokki. „Að keppa erlendis er öðruvísi upplifun en hér heima, dómarnir eru auðvitað erlendir og maður þekkir nánast engan. Hér heima kannast maður yfirleitt við alla. Það var frábært að vinna á Írlandi og standa í lokin á sviði með hinum sem unnu sína flokka. Af þeim hópi er síðan valinn heildarvinningshafi. Á Írlandi vorum við þrjár í mínum flokki, allar mjög líkar og frekar jafnar og það kom mér skemmtilega á óvart að vinna það mót.“

Unnur náði að sameina ferðina sem keppnis- og skemmtiferð því systir hennar, Hanna Rún, sem er Íslendingum að góðu kunn sem margverðlaunaður dansari, fór með, Unni til halds og trausts.

„Það er bara brandari að vera með henni, það er einhvern veginn allt gaman, mikið hlegið og allir dagar æðislegir. Við erum mjög samrýmdar. Hanna Rún sér alltaf um hár og fördun þegar ég er að keppa, hún hefur skreytt bikiníin mín og er bara alltaf til staðar, hún er ótrúlega dugleg og ég er mjög þakklát fyrir það. Við hittum Nikita, eiginmann hennar, í Dublin, þar sem hann kennir dans. Hann sýndi okkur borgina þvera og endi-

langa og þetta var því vel heppnuð ferð að öllu leyti.“

Skyndiákvörðanir eru skemmtilegar

Eftir smá hvíld tekur við undirbúningur fyrir næsta mót, sem er eftir ellefu mánuði, stórmótið Arnold Classic í Ohio í Bandaríkjunum. „Ég er að komast í að lifa „eðlilegu lífi“ aftur. Ég er búin að vera hálf tít ári í niðurskurði og núna fer ég að vinna í því að bæta mig. Í undirbúningi fyrir Arnold þá er þriggja mánaða niðurskurður, þannig að ég hef nú mánuði til að vinna að bætingum, borða svolítið og svo tekur niðurskurðurinn við.“

Unnur segir að það geti þó vel verið að henni detti í hug að keppa á einhverju öðru móti á undan, enda hefur hún tvisvar keppt á mótum með aðeins tíu daga fyrirvara. „Árin 2014 og 2017 var ég mjög lág í fituprósentu, sem ég er alla jafna ekki, þótt ég haldi mér alltaf í góðu formi. En þó að undirbúningurinn hafi bara verið tíu dagar, þá er hann strembinn líka, alveg eins og tólf vikna undirbúningur. Ég er svolítið hrifin af skyndiákvörðunum, þær eru mjög skemmtilegar, hvort sem þær tengjast keppnum eða ferðalögum.“

Sonurinn setti skilyrði um verðlaun

Unnur er einstæð móðir og segir það alveg ganga upp að æfa og þjálfá mikið með góðu skipulagi og stuðningi. Sonur hennar, Aron Óli, sem er orðinn níu ára gamall, þekkir heldur ekkert annað og er dyggur stuðningsmaður móður sinnar. „Hann er aðra hverja viku hjá pabba sínum og þegar hann er hjá mér þá er meira að gera og ég þarf að skipuleggja mig betur. Ég viðurkenni alveg að það var erfitt að vera ein í fullri vinnu, æfa tvisvar á dag og vera með barn sem þarf að sinna, en mér hefur tekist það ágætlega, hef náð að halda góðri rútínu og vera skipulögð. Ég fæ líka góða hjálp frá foreldrum mínum ef ég þarf á að halda.

Sonur minn hefur mætt á öll mót sem ég hef keppt á hér heima. Hann setti eitt skilyrði þegar ég fór út núna að keppa; að ég kæmi

heim með verðlaun í skápinn heima í stofu.

Trítið er góð máltíð og nammipoki

„Það er alltaf einn nammidagur í viku, annars myndi ég ekki nenna þessu, og þá fer ég yfirleitt út að borða og fæ mér góðan mat, oftast steik með meðlæti og góðri sósu. Trítið mitt er máltíð og dessert og dessertinn er smá nammipoki. Það verður að vera einhver gulrót, aðeins að næra sálina.

Við fáum bara einn líkama og eina heilsu og það er eins gott að fara vel með hvort tveggja. Ég kys að þjálfá þá sem kjósa heilbrigðan lífsstíl. Það þarf hver og einn að finna sér hreyfingu sem höfðar til viðkomandi, hún á ekki að vera kvöð. Það þarf líka að finna jafnvægi í mataræðinu, það er bara persónubundið hvað hentar hverjum og einum. Það þarf að vera jafnvægi milli hreyfingar, mataræðis og hvíldar. Minn gullni meðalvegur er 80 prósent hollt og 20 prósent það sem ég leyfi mér, sem er ekki eins hollt, hvort sem það er í formi sælgætis, rauðvíns-

glass eða einhvers sem er smá trít.“

Fyrir þá sem eru að byrja, hvort sem það er eftir langa pásu eða fyrir þá sem hafa aldrei stundað líkamsrækt, mælir Unnur með að því að farið sé rólega af stað, þjálfari fenginn og þannig lærd réttu handtökin.

Sjálf er Unnur hjá einkaþjálfara og segir það nauðsynlegt og sérstaklega fyrir mót. „Ég gæti þetta aldrei sjálf, þótt ég viti nákvæmlega hvað það er sem þarf að gera. Þótt maður sé einkaþjálfari þá er maður of góður við sjálfan sig og maður er ekki vélmenni og getur átt slæma daga. Þá er gott að leita til einhvers, sem hvetur mann áfram og fylgist með manni. Konni sér um að gera matar- og æfingaplan fyrir mig og ég fer alveg eftir því, og svo í tólf vikna ferlinu taka mælingar við á vikufresti og maður vill standa sig fyrir þjálfarann, þótt ég sé fyrst og fremst að þessu fyrir sjálfa mig.“


En finnst þér þú vera að fórná einhverju fyrir fitnessið?

„Ég reyni að vera dugleg að mæta í allt, veislur, bíó og annað sem mér er boðið í, nema svona

undir lokin á undirbúningnum þegar ég er orðin extra þreytt og þá ég verð líka svolítið viðkvæm. Þá er ég ekkert að mæta í til dæmis saumaklúbb þegar ég veit að þar verður fullt af kræsingum, ég geri sjálfri mér það ekki og það skilja það bara allir. Ég mæti líka oft í veislu með nesti með mér og það vita allir af hverju. Árið 2014 þegar ég keppti með stuttum fyrirvara var ég að læra einkaþjálfarann og sleppti staðarlotu sem var sama dag og mótið. Það olli því að ég féll í áfanganum og þurfti því að taka hann aftur og útskrifaðist því hálfu ári seinna.

Ástæðan fyrir því að ég er búin að keppa svona oft er stuðningsnetið sem ég er með: foreldrar mínir, systur og vinkonur mínar, hafa öll stutt mig alveg frá fyrsta móti. Ég hef aldrei fengið neikvæð viðbrögð frá fólkinu mínu. Það skilja þetta auðvitað ekki allir og þá aðallega hvað mataræðið varðar. Ég ætlaði að vera löngu hætt að keppa og hef oft sagt það, en ég er bara rétt að byrja, ef maður getur sagt það eftir 11 ár.“ ■





KGB vildi eyðileggja leiðtogafundinn í Höfða

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Árið 1994 komu fram upplýsingar um að KGB hefði reynt að eyðileggja leiðtogafundinn í Höfða. Yuri Shvets, fyrrverandi njósnari KGB, sagði frá þessu í bók en hann var þá í felum í Bandaríkjunum. Ástæðuna fyrir þessu sagði Shvets vera deilur á milli KGB og utanríkisráðuneytisins og keppni um hylli Mikhails Gorbachev.

Dulnefnið Sókrates

Yuri Shvets er einn þekktasti njósnari Sovétríkjanna. Shvets er úkraínskur að uppruna og lærði njósnir með Vladímír Pútín. Báðir störfuðu þeir fyrir leynipjónustu Sovétríkjanna, KGB, Shvets á árunum 1980 til 1990. Nafn Shvets komst í deigluna þegar hann var vitni í máli njósnarans Alexanders Litvinenko sem myrtur var með eitri árið 2006.

Eftir að járntrjaldið féll og kommúnisminn í Austur-Evrópu hrundi flutti Shvets til Bandaríkjanna og skrifaði þar bækur í felum. Ein af þeim bar nafnið Washington Station: My Life as a KGB Spy og þar er reynsla hans af njósnum í Bandaríkjunum lýst.

Shvets fór sjálfur í njósnaferðir til Bandaríkjanna og þar réð hann undirmenn sem störfuðu innan

„Það skipti KGB ekki máli hvort upplýsingarnar væru sannreynanlegar

bandaríska stjórnkerfisins. Einn af þeim var Ástrali að nafni John Helmer, sem fékk dulnefnið Sókrates. Í viðtali frá árinu 1995 lýsti Shvets hvernig Helmer hefði viljað nota sínar upplýsingar til þess að kúga Ronald Reagan Bandaríkjaforseta á leiðtogafundinum í Höfða í október árið 1986.

CIA og Medellin-hringurinn

Upplýsingarnar sem um ræðir voru þær að CIA, bandaríska leynipjónustan, væri í samstarfi við Medellin-eiturlyfjahringinn, varðandi innflutning kókaíns til Bandaríkjanna. Ágóðinn af sölunni væri notaður til þess að kaupa vopn fyrir skæruliða í Nikaragva.

Eins og flestir vita funduðu



Yuri Shvets í sjónvarpsviðtali árið 1995.

Reagan og Mikhail Gorbachev, leiðtogi Sovétríkjanna, um takmörkun kjarnorkuvopna. Shvets sagði:

„KGB notaði upplýsingarnar hans og sagði Gorbachev að nota þær til þess að beita Bandaríkjastjórn þrýstingi á leiðtogafundinum í Reykjavík,“ og enn fremur: „Það skipti KGB ekki máli hvort upplýsingarnar væru sannreynanlegar, en þær voru kynntar sem sannindi fyrir Gorbachev.“

Shvets segir að með þessu hafi KGB viljað eyðileggja Höfðafundinn.

„Yfirstjórn KGB hafði miklar áhyggjur af því að utanríkisráðuneytið hefði öll völd í utan-



Leiðtogafundurinn Reagan og Gorbachev í Höfða.

ríkismálum Sovétríkjanna. Þeir höfðu miklar áhyggjur af því að starfsfólk utanríkisráðuneytisins væri að spila leikinn eftir reglum Bandaríkjamanna og létu stjórnast. Þess vegna vildi KGB skemma

fundinn með öllum ráðum og láta Gorbachev halda að utanríkisráðuneytið hefði klúðrað honum. KGB væri hins vegar stofnunin sem hægt væri að treysta í utanríkismálum.“ ■

LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM

Sjálfstandandi greiðslulausnir og handfrjálsir posar

Allir posar frá Verifone taka við snertilausum greiðslum með farsínum



Verifone®

Greiðslulausnir tengdar helstu afgreiðslukerfum

Hlíðasmára 12 201 Kópavogi verifone@verifone.is S: 544 5060

Pökkuðu skemmti

Lögreglan og slökkviliðið mætti á svæðið

Árið 1995 stöðvaði slökkviliðið í Reykjavík óvenjulega uppkomu í miðbænum. Eigendur skemmtistaðarins Déja Vu höfðu pakkað staðnum inn í gjafapappír í tilefni af eins árs afmæli staðarins. Einn eigendanna var Kiddi Bigfoot sem ræddi við DV um þetta skemmtilega en jafnframt eldfima uppátæki.

Átta tíma vinna

Skemmtistaðurinn Déja Vu, sem stóð við Bankastræti, var opnaður í mars árið 1994. Til að fagna eins árs afmæli staðarins var ákveðið að pakka honum inn í umbúðapappír, líkt og húsið sjálft væri afmælisgjöf. Var hugmyndin sú að gestirnir gætu „kíkt í pakkann.“

Kristján Jónsson, betur þekktur sem Kiddi Bigfoot, var skemmtanastjóri Déja Vu og einn af eigendum staðarins. Í samtali við DV segir hann:

„Á þessum tíma vorum við oft að fá mjög skemmtilegar hugmyndir og framkvæmdum



Kiddi Bigfoot Skemmtanastjóri, plötusnúður og eigandi.

margar af þeim. Déja Vu var þekktur fyrir brjáláðar uppákomur allar helgar og starfsfólkið í gargandi stuði, dansandi uppi á barborðinu. Þarna var eins árs afmælishelgi að hefjast. Staffið ók á limma um bæinn við að dreifa boðsmiðum og við vorum nokkrir að pakka staðnum. Það tók um það bil átta klukkutíma að pakka honum inn. Þegar það var búið stóðum við fyrir utan kófsveittir en helsáttir við útkomuna.“

Löggan kölluð til

Þá kom aftur á móti babb í bátinn. Slökkviliðið mætti á staðinn til að stöðva uppátækið. Enda

SÚKKULAÐISVINDLARINN PLATAÐI SAMSTARFSFÓLK SITT

■ Laug um látna ættingja ■ Nærri hálf milljón safnaðist

Árið 2000 greindi DV frá lygilegu máli sem upp kom hjá sælgætisgerðinni Nóa-Sírius. Hafði starfsmaður þar logið til um fráföll innan fjöl-skyldu sinnar og uppskorið mikla samúð samstarfsfólks og yfirmanna. Söfnun var hrint af stað fyrir manninn sem seinna fékk viðurnefnið „súkkulaðisvindlarinn.“

Lygilegar hörmungar

Súkkulaðisvindlarinn starfaði hjá Nóa-Sírius við gerð hins þekhta súkkulaðikex Malta. Hann var fimmtugur að aldri þegar málið kom upp í janúar árið 2000. Að sögn samstarfsfólksins var hann „óaðfinnanlegur starfsmaður; mætti vel, var duglegur og hvers manns hugljúfi.“

Maðurinn hafði fengið löm-unarveiki á barnsaldri þegar hann bjó á Akureyri og örlaði því eilítið á spastískum einkennum í fari hans.

Upphaf málsins má rekja til þess dags þegar súkkulaðisvindlarinn mætti hálfgrátandi til starfa í sælgætisverksmiðjuna. Þegar verksmiðjustjórinn kom til hans sagði hann að dóttir sín hefði slasast alvarlega í bílslysi og lægi milli heims og helju á spítala. Hún var þá búsett í Stokkhólmi. Bar hann sig mjög illa og fór það ekki fram hjá öðru starfsfólki sem sýndi honum samúð og stuðning.

Viku síðar kom súkkulaðisvindlarinn aftur grátandi til vinnu og tilkynnti samstarfsfólki sínu að móðir hans hefði fallið sviplega frá. Harminum var alls ekki lok-

„Ég verð að leita mér hjálpar“

ið. Tveimur dögum eftir „andlát móðurinnar“ átti dóttirin að hafa látist á skurðarborði í Svíþjóð eftir bílslysið. Átti hún að liggja þar háls- og hryggbrotin og með ónýt nýru.

Í grein DV þann 11. janúar segir:

„Mitt í öllum grátnum yfir volgum Malta-bitunum í verksmiðjunni Nóa-Sírius gat maðurinn þó stunið því upp að hann saknaði mjög seinni eiginkonu sinnar sem lést úr krabbameini eftir aðeins 8 mánaða hjónaband. Hafði hann á orði að nú hefði verið gott að hafa hana sér við hlið.“

Engin jarðarför

Nú fannst starfsfólkinu nóg um. Kleenex og klapp á bakið dygði ekki lengur. Því var söfnun komið á fót innan fyrirtækisins fyrir manninn. Skrifaði Örn Ottesen fjármálastjóri þá ávísun upp á 200 þúsund krónur til að maðurinn kæmist til Svíþjóðar.

Starfsfólkið skaut saman 96 þúsund krónum fyrir súkkulaðisvindlarann og stjórnendur fyrirtækisins lofuðu að jafna það krónu fyrir krónu. Auk þess gáfu



Súkkulaðisvindlarinn Fékk samstarfsfólk til að safna stórfé.

foreldrar starfsfólksins í söfnunina. Var takmarkið að safna alls 500 þúsund krónum. En þá komst upp um svindlarann.

Það runnu tvær grímur á Örn þegar svindlarinn sagði honum að móðir hans hefði verið jörðuð í skyndingu. Honum þótti flýtirinn óeðlilegur og bað því verksmiðjustjórann að hringja í Fossvogss-

kapellu til að spyrjast fyrir um útförina. Þar var engin jarðarför í gangi og enginn kannaðist við að þar ætti að jarða umrædda konu.

„Það er að sjálfsögðu háalvarlegt mál þegar fólk tekur upp á því að leika sér á þennan hátt með tilfinningar annarra,“ sagði Örn við DV á sínum tíma. „Maðurinn átti samúð allra hér enda er ég á því

að hann ætti að fá verðlaun fyrir leiklist, þvílík var frammistaða hans.“

Súkkulaðisvindlarinn viðurkenndi brot sín þegar DV hafði samband við hann

„Ég verð að leita mér hjálpar. Þetta er eitthvað sjúklegt sem ég ræð ekki við. Mig vantaði peninga og því spann ég söguna upp.“ ■

Ístað í gjafapappír



Déjá Vu Frétt Morgunblaðsins 25. mars árið 1995.

þótti þeim sérlega hættulegt að klæða gamalt timburhús í gjafapappír á föstudagskvöldi í miðbæ Reykjavíkur.

„Brunaefirlitið mætti og spurði okkur hvort við værum með leyfi fyrir þessari uppákomu. Við sögðumst ekki vera með það því miður. Þá var okkur sagt að rífa þetta strax af húsinu. Við hringdum í Halldór, ljósmyndara hjá Morgunblaðinu, og báðum hann að drífa sig á staðinn til að ná mynd af þessu. Það væri verið að fara að rífa pappírinn af. Hann rétt náði að koma áður en brunaefirlitið varð of pirrað, en þeir voru samt búnir

að kalla lögguna til. Við reyndum að rökræða við þá á meðan við biðum eftir Halldóri,“ segir Kiddi og brosir.

„Hann kom og náði einni mynd og svo var allt rífið niður á meðan staðið var yfir okkur. Það tók ekki nema um tuttugu mínútur að rífa þetta af. En stemningin var í lagi alla helgina eins og allar helgar á staðnum.“

Þrátt fyrir mikið stuð og uppákomur lifði Déjá Vu ekki nema í tvö eða þrjú ár. Kiddi og Nökkvi Svavarsson héldu uppi studinu á staðnum sem margir sakna úr miðbænum. ■



SÍÐAN 1935

Netverslun með stærri einingar











Vilko.is • Sími 452 4272 • Húnabrat 33 • 540 Blönduósi

Danske Bank 300 til 400 milljarðar dollara taldir þvættaðir.



Norræna bankahneykslið

Svartur blettur á orðsperi Norðurlandanna

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Víða um heim er horft til Norðurlandanna sem fyrirmyndarríkja hvað varðar lífsgæði, jafnrétti, öryggi, heiðarleika og ýmislegt fleira. Norðurlöndin tróna oft á toppi ýmissa lista og samantekta sem eru gerðar um eitt og annað sem viðkemur daglegu lífi fólks. Þá telja margir að lítil mengun sé á Norðurlöndunum, þar sé heiðarleiki hafður í miklum metum og að spilling finnist næstum ekki. En nú hefur skuggi fallið á ímyndina. Stór bankahneyksli skekja nú Danmörku og Svíþjóð og flest bendir til að ekki séu öll kurl komin til grafar í þeim málum.

Danske Bank, stærsti banki Danmerkur, hefur mánuðum saman verið í umræðunni og í skoðun hjá yfirvöldum vegna peningaþvættismáls sem hefur nú þegar kostað Thomas Borgen starfið sem aðalbankastjóri bankans. Þá þurfti formaður bankaráðs að láta af störfum eftir að Mærsk-fjölskyldan, sem á samnefnt skipafélag og ýmis önnur fyrirtæki, beitti sér innan bankans en fjölskyldan á stóran hlut í bankanum.

Í síðustu viku var Birgitte Bonneson, bankastjóri Swedbank í Svíþjóð, síðan látin taka



Milljarðar á milljarða ofan
Mál Danske Bank er mjög umfangsmikið og gæti verið eitt stærsta peningaþvættismál

Sergei Magnitsky Barinn til dauða í rússnesku fangelsi.

Þessi hneykslismál vekja upp spurningar um af hverju þessir stóru norrænu bankar voru svo berskjaldaðir fyrir peningaþvætti

sögunnar í heiminum. Talið er að 300 til 400 milljarðar dollara hafi verið þvættaðir í gegnum útibú bankans í Eistlandi frá 2007 til 2015. Megnið af peningunum virðist hafa komið frá Rússlandi. Hér er ekki um neinar smáupphæðir að ræða en þær eru um tíu sinn- um hærri en stærð eistneska hagkerfisins. Samt sem áður virðast engin viðvörðunarljós hafa kviknað innan Danske Bank og það þrátt fyrir að bæði Deutsche Bank og JP Morgan fjárfestingarbankinn hafi varað Danske Bank við en bankarnir sáu um fjármagnsfærslur fyrir Danske Bank.

Sænska ríkisútvarpið skýrði frá því í vetur að minnst 135 milljarðar dollara hafi verið fluttir í gegnum útibú Swedbank í Eistlandi, frá viðskiptavinum sem voru flokkaðir í hæsta áhættuflokk og bjuggu utan Eistlands, á árunum 2008 til 2018. Þetta voru aðallega Rússar. Stór hluti af þessu fé fór á milli reikninga í útibúum Swedbank og Danske Bank í Eistlandi. Það bendir til að tengsl séu þarna á milli. Þá skýrði Sænska ríkisútvarpið nýlega frá því að í gegnum útibú Swedbank í Litháen hafi milljónir dollara streymt af reikningum í Úkraínu sem tengjast hugsanlega fyrrverandi forseta landsins, Viktor Yanukovich, sem er nú í útleið í Rússlandi og á ákærur fyrir landráð yfir höfði sér í heimalandinu. Fram kom að hluti þessa fjár hefði endað á reikningum sem tengjast Paul Manafort, fyrrverandi kosningastjóra Donalds Trump, sem hlaut nýlega þungan fangelsisdóm í Bandaríkjunum. Manafort starfaði áður fyrir Yanukovich. Swedbank sætir rannsókn bandarískra yfirvalda fyrir villandi upplýsingagjöf. Í apríl 2016 krafði fjármálaeftirlit New York-ríkis bankann um upplýsingar um fjármagnsfærslur tengdar Mossack Fonseca, hinni velþekktu lögmánsstofu í Panama, í Eystrasaltsríkjunum en fékk ekki fullnægjandi skýringar og því er Swedbank nú til rannsóknar þar á bæ. Ekki bætir það stöðu Swedbank að ásakanir hafa komið fram um að bankinn hafi brotið reglur um innherjaupplýsingar með því að láta marga hluthafa í bankanum vita af ásökunum um peningaþvætti.

Nordea, sem er stærsti banki Svíþjóðar, hefur einnig verið sakadur um að hafa leyft peningum, frá vafasömum aðilum, að renna í gegnum útibú bankans í Eistlandi, Danmörku og Finnlandi. Færslurnar áttu upphaf sitt í banka í Litháen en sá er ekki starfandi lengur. Hluti af þessu fé er sagður tengjast spillingarmálum sem rússneski endurskoðandinn Sergei Magnitsky kom upp um í Rússlandi. Hann var barinn til dauða í rússnesku fangelsi 2009.

Eystrasaltsríkin eru miðpunkturinn
Öll þessi hneyksli eiga það sameiginlegt að það eru útibú bankanna í Eystrasaltsríkjunum sem virðast hafa verið notuð af Rússum til að dæla peningum, sem var aflað með vafasömum hætti, frá Rússlandi og til Vesturlanda.

Nú vinna sænska og dönsk stjórnvöld að því að herða allt regluverk í kringum starfsemi banka og fjármálastofnana og veita þeim meiri völd og úrræði til að takast á við mál eins og þessi. En þessi hneykslismál vekja upp spurningar um af hverju þessir stóru norrænu bankar voru svo berskjaldaðir fyrir peningaþvætti. Bent hefur verið á að í Bandaríkjunum sé regluverkið mun betra og bankar og eftirlitsstofnanir betur í stakk búnar til að takast á við slík mál. Það sama á ekki við alls staðar í Evrópu og það er kannski ástæða þess að Rússar hafa komið auga á veika hlekki í Vestur-Evrópu og nýtt sér þá til fjármagnsflutninga og peningaþvættis. ■



NOKIA

Nokia 9 PureView
HANN ER KOMINN

androidone

ZEISS



20 MP Fram myndavél



Android 9 Pie



5x 12 MP myndavél



IP67 Vatns og rykheldur



JUNGHEINRICH *PON er umboðsaðili*



Hillulyftari



Þrönggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tínslutæki



Dráttartæki



Disellyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

10 óhefðbundnar leiðir til þess að brúka gúrku

Hinn líffræðilega ávöxt og hið menningarlega grænmeti **gúrku** þekkja og nota líklega allir Íslendingar. Við skerum hana niður og setjum út í salat og mögulega eru einhverjir sem skella tveimur sneiðum yfir augun til að fríska upp á útlitið. En gúrkuna er hægt að nota til ýmislegs annars sem flestum hefði aldrei dottið í hug að framkvæma.

Þessi græni ílangi ávöxtur er stútfullur af vítamínum en í hverjum og einum má finna B-vítamín (B1-2-3-5 og 6), fólín-sýru, C-vítamín, kalk, járn, magnesíum, fosfór, kalín og sink.

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Þynnkubani og smurefni

Þú getur meira að segja notað gúrku til þess að þrifa vaska og ryðfrítt stál



Í þessa hluti má meðal annars nota gúrkuna:

- 1 Ef þú ert þreytt/ur seinni partinn slepptu því þá að fá þér koffíndrykk og borðaðu eina gúrku. Innihaldsefni gúrkunnar gerir það að verkum að hún gefur þér orku fyrir þessa síðustu klukkutíma dagsins.
- 2 Kemur alltaf móða á spegilinn inni á baði eftir að þú ferð í sturtu? Prófaðu að nudda gúrkusneið yfir spegilinn. Hún mun eyða móðunni og gefa ferskan ilm inni á baðherbergi.
- 3 Ef þú nuddar gúrkusneið á appelsínuhúð eða hrukkur þá geta innihaldsefni hennar styrkt húð þína.
- 4 Vilt þú sleppa við þynnuna eða höfuðverkinn eftir djamm? Borðaðu nokkrar sneiðar af gúrku áður en þú ferð að sofa og þú munt vakna miklu betri daginn eftir.
- 5 Ef þú átt það til að setjast niður fyrir framan sjónvarpið á kvöldin og háma í þig sælgæti eða snakk, prófaðu þá að skipta því út fyrir gúrku. Það mun minnka sykurlöngunina og hungurtilfinninguna sem oft leggst yfir okkur á kvöldin.
- 6 Áttaðir þú þig á því þegar þú mættir í vinnuna að þú gleymdir að bursta skóna? Ekkert mál, nuddaðu nýafskorinni gúrkusneið yfir skóna og þeir verða glansandi finir.
- 7 Er ískrið í lömunum á svefnherbergishurðinni að gera þig brjál- aða/n en þú átt ekki til WD 40 til þess að bera á. Nuddaðu gúrkubita á lömina og heyrðu muninn.
- 8 Er stressið að fara með þig? Skerðu niður heila gúrku í sneiðar og settu ofan í pott ásamt vatni. Kveiktu undir pottinum og bíddu þar til suðan kemur upp. Leyfðu vatninu að sjóða í dágóðan tíma og finndu hvernig gufan hjálpar þér að slaka á.
- 9 Finnur þú fyrir andfýlu en átt ekki tyggjö? Taktu gúrkusneið og þrýstu henni upp í góm með tungunni í þrjátíu sekúndur. Það mun eyða þeim bakteríum sem eru til staðar í munnum á þér og valda andfýlunni.
- 10 Þú getur meira að segja notað gúrku til þess að þrifa vaska og ryðfrítt stál. Hún hjálpar þér að ná af blettum og þú skaðar ekki húðina með eiturefnum.



dropi

Dropi af náttúrunni
Kaldunnin þorsklifrarólía



„Þegar kemur að næringu og heilsu vel ég aðeins það besta“

Andri Rúnar Bjarnason
Knattspyrnumaður Helsingborg




Nýjar bragðtegundir með lífrænum kjarnaólíum úr ferskri grænmyntu, engifer og fennil

ÓSAL

Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanivagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantanir á varahlutum.



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1neRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1neQuality



Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.



MoReq2

1nePortal Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavinum, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.

Gæðastjórnun á stóran þátt í góðum árangri fyrirtækja. OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

Tannhirða mikilvæg yfir páskana

■ Sykur sem kemur í klístruðu formi er verstur fyrir tennurnar ■ Bursta þarf tennurnar tvisvar sinnum á dag

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is

Nú líður senn að páskum og hefst þá sú hátíð sem inniheldur líklega hvað mesta sælgætisátíð. Það sem ein-kennir páskana gjarnan er góður matur, sameiginleg fjölskyldustund, súkkulaði og spennir krakkar.

Þá er mikilvægt að hafa góða tannhirðu í huga en foreldrar gegna lykilhlutverki í tannvernd barna sinni. Það skiptir því miklu máli að vita hvað er þeim fyrir bestu svo tennur þeirra verði heilar í framtíðinni.

Betra að borða allt í einu
Það er vitað mál að sykur skemmir tennur. Eftir að hann kemur inn fyrir varir okkar breyta bakteríur í munnum honum í sýru sem leysir upp glerunginn. Þessi sýruárás hefst aðeins nokkrum mínútum eftir neyslu sykursins og hafa tannlæknar því ráðlagt fólki að



forðast sykurneyslu á milli mála. Þegar kemur að tannhirðu þá skiptir minna máli hversu mikils sykurs er neytt, meira hve oft hans er neytt. Því telja tannlæknar skynsamlegast að borða allan sykurskammtinn í einu frekar en að dreifa honum yfir á marga daga.

Sykur sem kemur í klístruðu formi, til dæmis karamellur, hlaup og lakkrís, er verstur fyrir tennurnar okkar. Hann situr lengi á þeim og skemmir þær.

Mikilvægt að gæta hófs
Íslendingar verða seint þekktir fyrir hófsemi enda eigum við það til að taka hlutina alla leið, þar eru

páskarnir engin undantekning. Við viljum gera vel við okkur og kaupum okkur jafnvel nokkur páskaegg á mann. Þrátt fyrir að magn sykurs sé hans neytt á skömmum tíma hafi minni áhrif á tannhold okkar en ef við dreifum honum á marga daga þá er það mikilvægt heilsu okkar að reyna eftir bestu getu að gæta hófs þegar kemur að páskaeggjunum. Fylgjast með því hvað börnin okkar eru að láta ofan í sig og hjálpa þeim með hreinsun tannanna. Bursta þarf tennurnar tvisvar sinnum á dag, bæði kvölds og morgna, með flúortannkreminni og þegar börnin hafa borðað mikið af sælgæti þarf



sérstaklega að vanda sig. Þá þarf að hjálpa þeim við notkun á tannþræði einu sinni á dag en með honum er hægt að ná óhreinindum sem festast á milli tannanna.

Segja má að málshátturinn „Allt er best í hófi“ eigi vel við á þessum árstíma og mættu margir breyta samkvæmt honum. ■

KIA Í SAMVINNU VIÐ FONTANA KYNNIR:

SKEMMTILEGASTA HJÓLREIÐAKEPPNI ÁRSINS

KIA GULL

2019

Stóra páskaeggjasmakk DV

Eru börnin hörðustu gagnrýnendurnir?

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is

I ljósi komu páskana fara börnin að taka stóra nammideginum fagnandi. Það er mikið lán að páskaegg birtast í óteljandi stærðum, týpum og jafnvel formum til að hver eigi sína uppáhaldssort. Yfirleitt eru börnin bestu dómaramennir um það sem einkennir gott páskaegg, eða svo segir mýtan.

Á dögunum efldi DV Fókus til dýnamískrar páskaeggjasmökkunar með börnum frá aldrinum þriggja til tíu ára og koma sumar niðurstöðurnar merkilega á óvart. Einnig er óhætt að segja að útkoman hafi verið hressandi bæði fyrir börn og áhorfendur.

Myndbandið er að finna á dv.is.



31. ÁGÚST 2019

KIA BRONS
48 KM

KIA SILFUR
65 KM

KIA GULL
106 KM

SKRÁNING OPNAR KL. 13:00 Á LAUGARDAG

CINTAMANI

GARMIN

Holla

Snickers WORKWEAR

COMPRESORT

SNICKERS

KiaGullHringurinn

KiaGullHringurinn

#kiagull

www.kiagullHringurinn.is



MORÐIÐ Á AÐSTOÐARM

■ Frú Clews hugðist fá morgunslúðrið sitt ■ Kom að mannlausri verslun ■ Í kjalla

Gróusögur voru líf og yndi frúar Söruh Clews í enska bænum Atherton, á Stór-Manchester-svæðinu. Júlímorgun einn, árið 1889, klukk-an tuttugu mínútur yfir níu skaust Sarah yfir í skartgripabúðina við Market-stræti því þar vann ungur aðstoðarmaður, Walter Davies, sem hafði gaman af masinu í henni. Reyndar var viðkoma í versluninni orðin fastur liður í til-veru Söruh Clews.

En þennan morgun var engan að sjá í versluninni og hún kallaði: „Walter,“ en fékk ekkert svar. Sarah vogaði sér aðeins innar í búð-ina og sá þá að kjallarahurðin féll ekki alveg að stöfum. Að frú Söruh Clews setti ugg.


Allt löðrandi í blóði
„Walter, Walter, ertu þarna?“ kall-aði Sarah niður í niðadimman kjallarann. Að neðan heyrði hún óhugnanleg hljóð, líkt og einhver væri að kafna. Henni leist ekki



Market-stræti í skartgripaverslun við þessa götu var Walter Davies myrtur.

meira á blikuna en svo að hún yfir-gaf verslunina í flýti og hraðaði sér heim til að ná í Jack, son sinn. Jack fór með henni í verslunina og fór niður í kjallarann með lukt. Í skímunni sá hann hvar Walter lá í blóði sínu og einnig voru veggirn-ir baðaðir blóði. Walter var dáiinn og ljóst að hann hafði verið bar-inn heiftarlega, með beittu vopni, í höfuð og háls og hálsæðin var í sundur.

Prúttaði um verð
Nokkur vitni sögðu lögreglu að þau hefðu séð virðulegan mann fara inn í búðina rétt fyrir klukk-an átta og eitt vitni sagðist hafa séð umræddan mann prúttu um verð á silkivasaklút. Þar sem ekki var að sjá nokkur ummerki átaka ályktaði lögreglan að maðurinn hefði síðan snúið aftur í búðina. Walter hefði sennilega gripið hann glóðvolgan við að stela



William Chadwick Hneigðist ungur til þjófnaða.



RÁIN ER ALHLIÐA VEITINGAHÚS
í *hjarta* **REYKJANESBÆJAR**

MATSÖLUSTAÐUR

SKEMMTISTAÐUR

RÁÐSTEFNUR

ÁRSHÁTÍÐIR

VEISLUR

Walter, Walter, ertu þarna?“ kallaði Sarah niður í niðadimman kjallarann.

úrur, þjófurinn náð að slá Walter svo hann féll niður í kjallarann. Þar hefðu hin banvænu átök síðan átt sér stað. Bent lögregluforingi, sem sá um rannsókn málsins, sagði síðar í endurminningum sínum: Hann [morðinginn] var síðan svo ófor-skammaður og kaldrifjaður að fara í gegnum vasa fórnarlambis síns, þar sem það lá blóðugt við fæt-ur hans. Hann stal úrinu hans og keðju og því litla fé sem hann hafði í vösunum.“

Handtaka á markaði
Síðar þennan sama dag komst lög-reglan á snoðir um að morðinginn hefði veðsett einhverja muni hjá veðlánara við Rochdale-veg í Manchester. Hann hafði kvittað fyrir með nafninu Fred Smith. Gerðist fátt næstu mánuði, eða

þar til snemma í október. Þá hand-tóku þrír lögreglumenn 48 ára karlmann, John Edward Lorn, á markaði í Wigan. Hann var færður í höfuðstöðv-ar lögreglunnar í Manchester og þar bar veðlánarinn frá Rochdale kennsl á hann og sagði að þar væri kominn maðurinn sem veðsetti úr og fleira úr fórum Walters Davies. Sýndist lögreglu nú sem málið væri upplýst.

Gómaður í veðlánabúd
Ekki voru þó öll kurl komin til graf-ar og á þessum tíma var mikið um þjófnaði á lestarstöðvum í Eccles, Manchester, Carlisle og Crewe. Þjófurinn sem þar var á ferðinni var virðulegur að sjá og einbeitti sér alla jafna að konum og körlum sem virtust í þokkalegum efnum. Áður nefndan Bent grunaði að þjófurinn hefði aðsetur í Eccles og þann 28. október var William nokkur Chadwick, 28 ára, gómaður þegar hann reyndi að veðsetja muni sem stolið hafði verið af ónefndum lestarfarþega. Við leit á heimili Williams Chadwick fannst ógrynni af veð-miðum og fjöldi muna auk 600 sterlingspunda í reiðufé.

„Með rangan mann í haldi“
Nú tóku mál óvænta stefnu því á meðan Chadwick var í varðhaldi las hann í dagblaði um hand-töku Johns Edwards Lorn vegna

24 ára kærasta Bandaríkjamannsins Dennis Wayne Eaton, Judy McDonald, var á meðal fjögurra fórnarlamba hans. Þann 20. Febrúar, 1989, voru Dennis og Judy í Shenandoa-sýslu í Virginíu-fylki og á flóttanum. Þau vantaði farartæki og greip Dennis til þess óyndisráðs að skjóta til bana 26 ára karlmann, Walter Custer yngri, og Ripley Marston eldri, sem var 68 ára, og taka bifreið þeirra traustataki. Á flóttanum voru skötuhiúin stöðvuð af lögreglumanninum Jerry Hines, en hann hafði ekki erindi sem erfiði, var skotinn tvisvar og skilinn eftir í blóði sínu þar sem hann síðan dó. Í kjölfar mikillar eftirfarar lögreglunnar ók Dennis á símastaur í Salem og sá að um tapað spil var að ræða. Einhverja hluta vegna ákvað hann að senda Judy inn í eilífðina áður en hann var handtekinn. Dennis fullyrkti síðar að Judy hefði skotið Jerry Hines, en sú fullyrðing féll ekki í friðan jarðveg hjá kvíðdómnum við réttarhöldin. Hann fékk þrefaldan lífstíðardóm fyrir morðin á Walter, Ripley og Judy og dauðadóm fyrir morðið á lögreglumanninum. Dennis fékk banvæna sprautu þann 18. júní árið 1998.

MANNINUM Í ATHERTON

Þar sem hann lá Walter í blóði sínu ■ Í upphafi rannsóknar fór lögreglan villur vegar



Lestarsstöðin í Eccles Vettvangur margra þjófnada Williams Chadwick.

Þú getur sleppt manninum sem þú ert með í varðhaldi. Hann er ekki sekur. Hann kom ekki nálægt morðinu.

morðsins í Atherton.

„Þeir eru með rangan mann í haldi vegna þess máls. Væðlárar myndu sverja hvað sem er,“ sagði hann við lögreglumann að nafni Chipchase.

Þegar Chadwick var síðar færður fyrir dómara og ákærður fyrir lestarsstöðvaþjófnadi gaf Chipchase sig á tal við Bent og sagði honum hvað William Chadwick hefði sagt.

Bent fór til Williams og sagði að hann mætti vænta ákæru fyrir alvarlegri glæp en þjófnad.

Sama rithönd

Chadwick sagði við Bent að hann hefði vitað að hann yrði kærður fyrir Atherton-morðið áður en langt um liði. Þann 29. október sagði William Chadwick við Bent: „Þú getur sleppt manninum sem þú ert með í varðhaldi. Hann er ekki sekur. Hann kom ekki nálægt því [morðinu].“

Bent bað þá Chadwick að skrifa nafnið Fred Smith sem hann gerði möglunarlaust. Ekki fór á milli mála að um sömu rithönd var að ræða og á kvittunum væðlárabúðarinnar í Rochdale.

Vitni voru kölluð til og öll bentu þau hiklaust á William Chadwick sem manninn í skartgripaversluninni í Atherton.

Sagðist saklaus

Hvað sem orðaskiptum Bent og

Williams leið þá sagðist William saklaus af morðinu í Atherton þegar réttarhöld yfir honum hófust í Liverpool, 28. mars árið 1890.

Verjandinn benti á hve óáreiðanleg vitni væru, enda hefðu sömu vitnin bent á Lorn á sínum tíma. Gætu þau ekki haft rangt fyrir sér núna, spurði verjandinn.

Dómarinn benti þá á að William hefði haft í förum sínum ýmsa muni sem stolið hefði verið í Atherton auk þess sem hann hefði veðsett muni undir nafninu Fred Smith, það gæti ekki verið tilviljun.

Áður dæmdur

Það tók kvíðdómara innan við hálf tíma að komast að niðurstöðu um sekt Williams Chadwick. Hann fékk tækifæri til að segja nokkur orð áður en dómur yrði kveðinn upp. Hann nýtti sér það og hélt svo langa ræðu að dómarinn neyddist til að fyrirskipa að hann yrði fjarlægður úr stúkunn.

Síðan var kveðinn upp dauðadómur.

Í ljós kom að Chadwick hafði ungar að árum byrjað að stela og lenti íðulega upp á kant við lögin. Einnig hafði hann, árið 1882, verið dæmdur til sjö ára hegningarvinnu eftir að hafa gengið í skrokk á gjaldkera í ráni í Radcliffe. Gjaldkerinn lést síðar af áverkum sínum.

William Chadwick var tekin af lífi 15. apríl árið 1890. ■

RAFDRIFIN KEYRSLA
ET15MH 1,5t
 217.620 kr + vsk.
ET20MH 2,0t
 257.780 kr + vsk.

RAFDRIFIN LYFTING OG KEYRSLA
ET15MH-P 1,5t
 273.780 + vsk.
ET20MH-P 2,0t
 333.450 kr + vsk.

Farðu inn á www.youtube.com og sláðu inn: **cPx7PPYvNUM**

Þá sérðu Microlift video **Sjón er sögu ríkari**

Lithium Rafhlaða
 Aðeins 3 kg
 2 ára ábyrgð

Leiser skornir gaflar
 eru sterkir og sniðnir til að fara auðveldlega inn og út úr bretti.

Tekur innan við mínútu
 að skipta um rafhlöðu.

Með einu handtaki
 er tjakki breytt úr rafmagnstjakki í handtjakk.

Rafdrifin lyfting og keyrsla

UK/PG stórbúnaður.
 Hágæðamótor.
 Traust drifhjól.

Microlift. Fyllir upp í bilið milli handtjacks og hefðbundins rafmagnstjacks.
 Kraftmikill rafmagnstjakkur með Lithium rafhlöðu, sem endist 2-3 klst. í stöðugri keyrslu. Hleðslutæki fylgir, sem hleður rafhlöðu á 3-4 klst. Hægt er að fá hraðhleðslutæki, sem hleður á 2 klst. Tveggja ára ábyrgð á rafhlöðu.

Aðeins 125kg án brettis og tekur lítið pláss. Kemur sér vel, ef lyftan hefur ekki mikla burðargetu og líka fyrir stóra kassabíla, sem með Microlift geta tekið öll brettin án þess að skilja rafmagnstjakkinn eftir. Með því að kúpla mótór frá nýttist Microlift, eins og venjulegur handtjakkur með 2,5ton burðargetu.

Með upprétt beisli snýst Microlift á punktinum og smýgur inn þar sem aðrir sitja fastir.

Microlift-Freezer er fyrir notkun í röku umhverfi t.d. í frysti og kæligeymslum.


ETNA ehf. Til sýnis hjá Pmt, Krókhálsi 1. Upplýsingar og fyrirspurnir í síma 698 1539 - email: siggi@pmt.is



NÝ VÖRULÍNA LÝSI LIFE



Helgarkrossgátan



1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----

Sudoku

Auðveld

1	2		3		7		5	
8		4		2		1		
	7	3	4				9	
		9		4			1	
7						9		3
3	6		2	7		8		
	1	2						
	5	8	9		4	2		
			1			5	8	4

Erfið

							3	5
		5			9	8	4	
6		7						
	5		3		7		2	
	8		4			5		
	7	8	9	4	3	6		
				2			8	
	1	4	5	6				

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið **krossgata@dv.is**



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Bryndís Hauksdóttir

Ægisgötu 1

Dalvík
Lausnarorðið var **VANGAVELTA**
Bryndís hlýtur að launum
bókina Að vetrarlagi



Í verðlaun fyrir gátu helgar-
blaðsins er bókin Barnið sem
hrópaði í hljóði: Eddumál #4

Höfundur: Jónína Leósdóttir

Eddu leidist aðgerðaleysis eftirlaunaáranna svo hún ræður sig sem au-pair til læknishjóna í Skerjafirði – en andrúmsloftið í húsinu er grunsamlega rafmagnað. Dularfullar mæðgur sem virðast í felum fyrir sínum nánustu í íbúð lúnnar, dóttur Eddu, vekja líka forvitni hennar. Á sama tíma ríkir ofremðarástand á heimili í borginni þar sem fjölskylduaðir heldur eigin konu og börnum í heljargreipum.

Barnið sem hrópaði í hljóði er fjórða bók Jónínu Leósdóttur um Eddu á Birkimelum, glímu hennar við flókin sakamál og samskipti hennar við fjölskyldu sína sem stundum eru síst einfaldari.

Jónína Leósdóttir hefur getið sér gott orð fyrir bókaflokkinn um Eddu, hörku-
spennandi sögur sem kitla hláturtaugar lesenda og ríghalda frá upphafi til enda.

Stefán Örn breytti fornþíl í sjónvarpsskenk

Stefán Örn Stefánsson, meistari í bifreiðasmíði, er heillaður af eldri bílum og hann hefur aldrei langað til að eiga nýja bíla. Heimilið ber bíla-áhuga hans merki en í stofunni þjónar Mercury Marquis, árgætt 1970, hlutverki sjónvarpsskenks.



Stefán Örn Stefánsson Handlaginn meistari í bifreiðasmíði.


„Ég sá bílinn auglýstan til sölu í Þorlákshöfn, haugryðgaðan og handónýtan. Bíllinn var keyptur í Sölu varnarliðseigna fyrir mörgum árum, svo stóð hann bara úti og maður sér á boddíinu hvernig ríkjandi vindátt var. En framendann gat ég notað í að gera það sem mig hafði alltaf að gera; sjónvarpsskenk,“ segir Stefán Örn, sem gerði sér á sínum tíma ferð frá Ísafirði til Þorlákshafnar með sveiðsög og slípirokk, skar framendann af bílnum og keyrði með hann vestur.

Önnur hugmynd var búin að blunda í Stefáni Erni í nokkurn tíma og nýlega lét hann verða af henni, að klæða sjónvarpsvegginn með timburfjöllum. „Ég byrjaði á því að slípa timburfjalir til, bar á þær grámunarefni úr versluninni Sérefni og málaði mattsvartan lit á flötinn sem ég ætlaði að klæða, eftir að hafa dregið rafmagn í nýjar dósir frá Johan Rönning,“ segir Stefán Örn, sem varði deginum í að föndra fjalirnar á vegginn, mála vegginn í öðrum grátóni, hengja upp sjónvarpið og festa upp sjónvarpsskenkinn.

„Inni í honum er ég með heimabíóið, afruglarann, Playstation-tölvuna og svo framvegis.“

Hér má sjá myndir af breytingunum.

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



**ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR**
WWW.CASTELLO.IS

Castello
PIZZERIA

**DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI**

iPhone viðgerðir



 **facebook.com/biladursimi**

 **7807459**

 **www.biladursimi.com**

Eurovision: Skemmtilegar, skondnar og skrítnar staðreyndir

Upphitun fyrir Eurovision er hafin og fyrir löngu hjá heitustu aðdáendum keppinnar. Fyrsti þátturinn af Alla leið var sýndur á RÚV laugardaginn 13. apríl þar sem Felix Bergsson, Helga Möller og Karítas Harpa Davíðsdóttir, ásamt góðum gestum, fóru yfir lögin í keppninni í ár. Eins og við er að búast hefur margt gengið á í 64 ára sögu keppinnar og hér eru tíndar til nokkrar skemmtilegar, skondnar og/eða skrítnar staðreyndir í gegnum áranna rás.

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is

Finnnska lagið Aina Mun Pitää er stysta lag keppinnar, en það er aðeins 1 mínúta og 27 sekúndur. Lögin í keppninni mega ekki vera lengri en þrjár mínútur.

■ Ítalir sögðu sig úr keppninni árið 1981, ástæðan var einföld að þeirra mati; „keppnin var of gamaldags. Ítalía hefur þó eftir það unnið keppnina tvisvar, og er lagið Soldi talið sigurstranglegt í ár.

■ Ruslana vann fyrir hönd Úkraínu árið 2004 og í viðurkenningar-

skyni fékk hún sæti á úkraínska þinginu.

■ Serbía tók þátt í fyrsta sinn sem sjálfstætt ríki árið 2007 og vann!

■ Lúxemborg hefur unnið fimm sinnum, en enginn söngvaranna hefur verið þarlandur. Fjórir voru franskir og einn grískur.

■ Árið 1981 hreldi breska sveitin Bucks Fizz áhorfendur með frönskum rennilásam á þilsum sínum. Um 48 klukkustundum seinna voru franskir rennilásar



Salvador Sobral heillaði Evrópu með framlagi sínu.



Skrímslin í Lordi slógu svo sannarlega í gegn.

uppseldir á Bretlandi.

■ Finnland beið þjóða lengst eftir að vinna keppnina, í 44 ár frá því að þeir tóku fyrst þátt árið 1961. Finnar höfðu aðeins þrisvar fengið 12 stig og engin síðan árið 1977. Það breyttist þó allt þegar skrímslin í Lordi stigu á svið árið 2006.

■ Fyrsti skandallinn í keppninni var árið 1957 þegar dönsku söngvararnir Birthe Wilke og Gustav Winckler kysstust í heilar ellefu sekúndur í lok danska lagsins. Hneykslismálin hafa verið mörg síðan.

■ Úrslit stigakeppinnar árið 1956 hafa aldrei verið gerð opinber, að vinningslaginu frá Sviss undanskildu. Hefur það að sjálf-sögðu valdið heilabrotum og samsæriskenningum í yfir fimm áratugi. Tilraunir til að yfirheyra dómara keppinnar til að fá úrslitin á hreint hafa ekki leitt til öruggar niðurstöðu.

■ Yngsti sigurvegari keppinnar var hin 13 ára gamla Sandra Kim frá Belgíu, sem vann árið 1986 með J'aime La Vie. Ísland tók þátt í fyrsta sinn það ár með Gleði-bankann.

■ Noregur hefur lent nú sinnum í neðsta sæti! (1963, 1969, 1974, 1976, 1978, 1981, 1990, 1997 og 2001).

■ Berfættir keppendur hafa unnið fimm sinnum. Sandie Shaw (árið 1967), Sertab Erener (árið 2003), Dima Bilan (árið 2008), Loreen (árið 2012) og Emmelie De Forest (árið 2013).

■ Bretland gaf ABBA núll stig árið 1974, en eins og kunnugt er vann sveitin þá fyrir hönd Svíþjóðar með lagið Waterloo.

■ Yngsti keppandinn er hinn 12 ára Jean Jacques frá Mónakó, sem keppti fyrir Mónakó árið 1969 með lagið Maman, Maman. Sá elsti er hinn 95 ára Emil Ramsauer sem keppti fyrir Sviss árið 2013 með hljómsveitinni Takasa.

■ Árið 1969 voru fjórir vinningshafar, þar sem þau lönd voru með jöfn stig og engar reglur um jafntefli. Ef jafntefli yrði í dag þá ynni landið sem er með stig frá flestum löndum.



Ruslana kunni ekki ensku þegar hún keppti, nema texta Wild Dances.

ICY tríóið var fyrsta framlag Íslands í Eurovision.



■ Undankeppnir Eurovision byrjuðu árið 2004.

■ Ástralir eru einstaklega hrifnir af Eurovision og hefur keppnin verið sýnd þar í beinni útsendingu frá árinu 1983, áhorf á keppnina þar hefur margt verið mun meira en hjá mörgum þátttökupjóðum. Árið 2015 var Ástralía boðið að vera með sem gestþjóð og endaði í 5. sæti. Átti það að vera aðeins í þetta eina sinn, en Ástralía tekur þátt í ár í fimmta skipti og hefur þegar staðfest þáttöku sína árin 2020–2023.

■ Eitt vinsælasta skemmtiatriði í sögu keppinnar er Riverdance-atriðið sem flutt var árið 1994 þegar keppnin var haldin á Írlandi.

■ Portúgal tók þátt 49 sinnum þar til landið vann árið 2017. Salvador Sobral á stigahæsta vinningsframlagi í keppninni með 758 stig fyrir lag sitt Amar Pelos Dois.

■ Lifandi dýr eru bönnuð á Eurovision-sviðinu.

■ Rússneska framlagið árið 2015, A Million Voices, er fyrsta lagið sem fær yfir 300 stig án þess að vinna keppnina.

■ Árið 2009 sendi Georgía lagið We Don't Wanna Put In í keppnina sem haldin var í Moskvu. Vegna deilna um texta lagsins

bannaði Samband evrópskra sjónvarpsstöðva Georgíu að taka þátt nema texta lagsins yrði breytt. Georgía neitaði að gera það og dró sig úr keppni.

■ Vinningshafar hafa oft ekki náð miklum eða langvarandi frama utan eigin heimalands, þó eru undantekningar á því og má nefna ABBA (Svíþjóð árið 1974) og Céline Dion (Sviss árið 1988) sem dæmi.

■ Keppnin hefst alltaf á stefinu Prelude To Te Deum eftir Marc-Antoine Charpentier, sem hefur orðið þekkt sem Eurovision-þjóðsöngurinn.


Íslendingar hafa jólað upp nokkur Eurovision-lög þar á meðal Den vilda, sem var framlag Svía árið 1996, þar sem það lenti í 3. sæti. Einn flytjenda og höfundar lagsins er Peter Grönnvall, sem er sonur Bennys Andersson, sem vann árið 1974 með ABBA. Kristján Hreinsson samdi íslenskan texta og Eivör gerði lagið eitt af vinsælustu íslensku jólalögnum.

■ Írland hefur unnið landa oftast, alls sjö sinnum, þar af fjórum sinnum á fimm árum; 1992, 1993, 1994 og 1996.

EIGUM MARGA LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á mt.is og í s: 580 4500

MÁLMTÆKNI
ÁL • STÁL • PLAST

NÝTT!

G·U·M®

SensiVital +

VIÐKVÆMAR tennur?

GUM® SensiVital®+ Veitir tvöfalda virkni, hraða og langvarandi vörn gegn tannkuli



KEMUR Í VEG FYRIR skemmdir og rótarskemmdir

ANNAST TANNHOLD sem hefur hörfað

VEITIR MILDA UMHIRÐU til að koma í veg fyrir ertingu og ofnæmisviðbrögð

HJÁLPAR TIL við að viðhalda eðlilegri munnflóru



Hvað er Karítas Harpa að horfa á?

Karítas Harpa Davíðs-dóttir sigraði í þáttunum The Voice hérlandis árið 2017 og hefur ekki setið auðum höndum síðan. Í dag starfar hún á Rás 2 þar sem hún sér um útvarpsþætti ásamt því að vera dómari í þáttunum Alla leið á RÚV.

Hvað ert þú að horfa á?
„Ég hef verið önnur kafin og því finnst mér oftast best að setja á eitthvað „heilalaust.“ Ég hef verið svolítið í endurnýjun síðustu daga, svo umhverfisvæn sjáðu til, en ég er með Friends, How I met your mother og King of Queens á til skiptis þessi kvöldin. Einu sinni í viku verð ég rosaglöð og horfi á nýjasta Ru Paul’s Drag Race,“ segir Karítas í samtali við blaðamann.

„Ég tók Afterlife og Klovn í „binge“-áhorfi, jú og Santa Clarita Diet – ég veit ekki alveg af hverju ég horfi á þá, því mér verður alveg hálfbumbult við áhorfið en klára alltaf seríurnar hratt. Ég fer annars að detta fljótlega í fæðingarorlof svo ég þarf að fara að gefa í.“



WORD OF THE DAY
GLUGGAVEÐUR

BBC kennir íslensku

Reska ríkisútvarpið kennir fólki íslensku þessa dagana. Tvisvar sinnum á undanförunum fimm dögum hefur orð dagsins (word of the day) hjá BBC Two verið íslenskt. Þetta er harla óvenjulegt í ljósi þessi að flest orðin í dálkinum eru á, ensku. Þann 11. apríl var orð dagsins „ísbíltúr“ og þann 16. apríl var „gluggaveður“ fyrir valinu. Hugtökin sem slík ættu ekki að vefjast fyrir Bretum þar sem þeir borða jú ís eins og aðrir og veðráttan þar getur blekkst augað illilega. Fjölmargir Íslendingar fylgjast nú grannt með hvaða orð verði næst fyrir valinu. Verður það kannski „drundhjassi“?



Ragna gefur út ljóðakver í minningu bróður síns

Tónlistarmaðurinn Bjarni Jóhannes Ólafsson hefði orðið 28 ára gamall 7. apríl síðastliðinn, en hann svipti sig lífi 19. apríl 2017. „Bjarni var búinn að berjast við kvíða og þunglyndi í töluverðan tíma. Hann dó úr sínum sjúkdómi og skilur eftir sig risastórt skarð í lífi okkar allra,“ segir Ragna Dögg Ólafsdóttir, systir hans, sem á afmælisdegi Bjarna hóf sölu á ljóðakveri í minningu bróður síns. Kverið kostar 2.500 krónur og mun hluti ágóðans renna til Pieta-samtakanna, sem sinna forvarnarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða og styðja við aðstandendur. Kverið

má kaupa með því að senda skilaboð til Rögnu í gegnum Facebook eða á netfangið ragnaogsiggi@hotmail.com.

„Kverið er mín sorgarúrvinnsla, það er ekki auðvelt að horfast í augu við að einhver sem maður elskar sé skyndilega horfinn að eilífu,“ segir Ragna. Í kverinu er einnig ljóð eftir Sigurð, bróður þeirra, sem var afmælskveðja hans til Bjarna fyrir þremur árum. Fráfall Bjarna var áfall fyrir rokksamfélagið og á meðal þeirra sem minntust Bjarna og framlags hans til rokksins voru meðlimir þungarokksveitarinnar Dimmu: „Staðan er aldrei eins slæm og



manni getur fundist og það er alltaf svo mikið sem er þess virði að lifa fyrir, þó að það sé stundum erfitt að koma auga á það í miðju stríðinu. Skál fyrir þér elsku Bjarni í partíinu sem þú ert í núna og takk fyrir allt sem þú gafst okkur öllum sem þekktu þig.“

Tilboð

Stacked frá Muuto

20% afsláttur frá 15. apríl til 15. júní!

MUUTO

HÖNNUÐUR: JULIEN DE SMEDT



Samkeppni

Raðaðu eftir þinni hugmynd og Epal gefur einum aðila þá uppstillingu að gjöf.* Hér er hægt að útfæra þína hugmynd: www.epal.is/samkeppni

Sendu þína hugmynd á samkeppni@epal.is

*ekki þarf að ganga frá pöntun til að taka þátt í samkeppninni

